


**skoðun** 12

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt

Fasteignir.is




## Blása lífi í þrykk
*Vinkonur fundu ný not fyrir gamlar prentvélar.*

**allt**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Mánudagur**

**7. mars 2011**
54. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Af litlum neista
*Pálmi Gunnarsson söng sigurlagið í fyrstu Söngvakeppni Sjónvarpsins fyrir þrjátíu árum.*

**tímamót** 16

## Siðferðisvandi stjórnsýslunnar
*Óvandvirkni er siðferðisskortur af sömu rót og agaleysi og ótrúmennska, skrifar Ólína Þorvarðardóttir.*

**skoðun** 13

## Snæfell deildarmeistari
*KR steinlá fyrir Í R og Hólmarar tryggðu sér sigur í Iceland Express deildinni.*

**sport** 26



### veðrið í dag




**ÉLJAGANGUR** bæði sunnan- og vestanlands með strekkingsvindi en hægari vindur og úrkomulaust norðaustan og austan til. Hiti verður í kringum frostmark.

**VEÐUR** 4

# 300 milljarða hagkerfi í 101

**Úttekt Ríkisskattstjóra á veltu fyrirtækja í 101 Reykjavík undirstrikar mikilvægi svæðisins, að mati miðbæjarstjóra sem vill bæta löggæslu og frekari uppbyggingu. Veltan þegar allt er talið losar 300 milljarða.**

**VIÐSKIPTI** Virðisaukaskattskyld velta fyrirtækja í 101 Reykjavík var liðlega 200 milljarðar króna árið 2010.

Þetta er niðurstaða úttektar Ríkisskattstjóra sem Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar, gekkst fyrir. Sambærileg athugun hefur ekki farið fram áður.

„Þegar velta fjögurra útibúa fjármálafyrirtækja og útsvar þúsunda íbúa, tryggingargjöld rekstraraðila og fasteignagjöld sömu aðila eru meðtalin er ekki óvarlegt að áætla að velta miðborgarinnar losi 300 milljarða þegar allt er talið,“ segir Jakob, sem vildi með úttektinni undirstrika hlutverk miðborgarinnar og mikilvægi svæðisins til hagkerfisins og ímyndar Íslands.

> Það fyrsta sem ferðamaðurinn sér af Íslandi er í mörgum tilfellum miðbær Reykjavíkur. Því ræður ásýnd hans miklu um upplifun ferðamanna.
>
> JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI

Jakob segir tölfræðina hafa komið nokkuð á óvart en þó ekki þegar haft sé í huga að miðborgin sé fjölsóttasta svæði á Íslandi. „Í þessu samhengi er hægt að segja að það væri í engu ofgert við miðborgina þótt framlög til hreinsunar, öryggisgæslu og viðhalds væru hlutfallslega hærri en nú er. Á það bæði við um borg og ríkisvald.

Jakob minnir á að 150 milljónum króna hafi verið varið til að andlitslyftingar miðborgarinnar árið 2008, en bágborið ástand miðborgarinnar var þá þeim tíma mjög til umræðu. „Það er skýrt samband á milli öryggiskenndar fólks hvort gengið er um í hreinu og sæmilega vel til höfðu umhverfi eða hvort allt er í niðurníðslu. Þetta hefur bein áhrif á hvort og hversu lengi fólk vill dvelja á svæðinu og hefur því bein áhrif á verslun og þjónustu. Þeir sem lifa og starfa á svæðinu vilja meiri sýnileika löggæslunnar og það verður að finna leiðir til þess að svara því kalli,“ segir Jakob.

Úttekt Ríkisskattstjóra nær til ársins 2010 en 1.641 virðisaukaskattsnúmer er að baki veltu fyrirtækja. Póstnúmerið 101 nær til útflutningsfyrirtækja eins og HB Granda, sem Jakob vill að menn hafi hugfast þegar rýnt er í niðurstöðurnar. „Og umsvifin aukast í sumar þegar nýtt tónlistar- og ráðstefnuhús opnar dyrnar og uppbyggingu í miðbænum lýkur,“ segir Jakob.

Jakob minnir á umræðu um bágborið ástand fjölfarinna ferðamannastaða en Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra kynnti um miðjan febrúar að 500 til 700 milljónum yrði varið á þessu ári til úrbóta. „Það fyrsta sem ferðamaðurinn sér af Íslandi er í mörgum tilfellum miðbær Reykjavíkur. Því ræður ásýnd hans miklu um upplifun ferðamanna sem verða 600 þúsund á þessu ári, gangi spár eftir. Þetta verður að hafa hugfast.“ **- shá**



**BANASTUÐ Á BOLLUDEGI** Bolludagurinn er ávallt í sjöundu viku fyrir páska og getur því í fyrsta lagi borið upp á 2. febrúar en í síðasta lagi 8. mars, sem er á morgun. Það má því segja að bolludagurinn sé á síðasta snúningi í ár ólíkt þeim Ólöfu og Lovísu, starfsmönnum bakarís Jóa Fel, sem stilltu sér upp með brot af þeim þúsundum rjómabolla sem Íslendingar gæða sér á í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Liðspeglanir í mjöðm:

## Ný tækni innleidd á Íslandi

**HEILBRIGÐISMÁL** Liðspeglanir í mjöðm eru nú gerðar í fyrsta sinn hér á landi. Áður þurftu sjúklingar að sækja til útlanda eftir slíkri aðgerð og gat hún kostað í kringum eina milljón króna, fyrir utan ferðakostnað og uppihald.



ÖRNÓLFUR VALDIMARSSON

Örnólfur Valdimarssson og Gauti Laxdal, bæklunarlæknar í Læknastöðinni í Orkuhúsinu, eru þeir fyrstu sem gera slíkar aðgerðir hér á landi. Þeir segja kostnað sjúklinga lækka margfalt auk þess sem hægt verði að greina og hjálpa fleirum.

„Hægt verður að hjálpa fleirum sem annars hefðu þurft að fara utan eða ekkert hefði verið hægt að gera fyrir,“ segir Örnólfur Valdimarsson bæklunarlæknir og getur þess að þessi nýja tækni hafi gífurlegan sparnað í för með sér fyrir ríkið. **- rat / sjá Allt í miðju blaðsins**

Tíu prósent ábendinga sem berast á vef Barnaheilla eru send til rannsóknar:

# 500 barnaníðsmál send lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Nær 500 ábendingar af rúmlega fimm þúsund, sem borist hafa Barnaheillum um myndefni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, hafa verið sendar áfram til lögreglu.

Ábendingarnar hafa borist í gegnum ábendingarhnapp sem fólk getur notað verði það vart við efnið. Ábendingarnar fara síðan til rannsóknar hjá alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra. Þetta segir Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri hjá Barnaheillum.

Nokkur af þessum málum hafa leitt til ákæru fyrir íslenskum dómstólum fyrir vörslu á efninu.

„Við vitum ekki til þess að íslensk börn hafi lent á þessum myndum og myndböndum sem lagt hefur verið hald á,“ segir Margrét. Hún bendir á að í gagnagrunni alþjóðalögreglunnar Interpol séu myndir og upplýsingar um tuttugu þúsund börn sem brotið hefur verið á með þessum hætti, en ekki hafi nema innan við þúsund fundist. „Það er afar mikilvægt að finna þessi börn og koma þeim til hjálpar.“

Hún segir hins vegar nokkuð um að myndir þar sem stálpaðir krakkar eru sýndir á kynferðislegan hátt birtist á samskiptasíðum á vefnum. Hún brýnir fyrir krökkum að láta ekki taka af sér slíkar myndir. **- jss**










## SPURNING DAGSINS



*Eyfi, færðu ekki bara nokkra erni í Kaliforníu í staðinn?*

„Ég stórefast um það, en Reykjavík verður allavega Arnarborgin hinn 9. júní.“

Fyrir þremur árum hélt Eyjólfur Kristjánsson tónleika til heiðurs hljómsveitinni Eagles. Hann verður fjarri góðu gamni, í golfferð í Kaliforníu, þegar átrúnaðargoðin stíga á svið í Reykjavík í júní.

Forstjóri Bankasýslu veit ekki hvort fulltrúar hennar samþykktu launahækkanir:

# Mikilvægt að bankar gæti aðhalds

**VIÐSKIPTI** Forstjóri Bankasýslu ríkisins segist ekki vita hvort fulltrúar hennar í stjórn Arion banka og Íslandsbanka hafi lagt blessun sína yfir launahækkanir stjórnenda á síðasta ári.

Í eigendastefnu ríkisins, sem finna má á vef Bankasýslunnar, er ákvæði um að launagreiðslur í fjármálafyrirtækjum sem ríkið á hlut í skuli vera samkeppnishæf en ekki leiðandi á markaðnum.

Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslunnar, áréttar að laun séu ákvörðuð af stjórnum og að Bankasýslan hafi ekki bein afskipti af ákvörðunum þeirra.



ELÍN JÓNSDÓTTIR

Laun bankastjóra Arion banka hækkuðu um rúm 40 prósent á síðasta ári og þiggur Höskuldur H. Ólafsson nú um fimm milljónir á mánuði. Á sama tíma jókst kostnaður við launagreiðslur til yfirstjórnenda bankans um 37 prósent. Laun Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, hækkuðu um tæpan þriðjung, eins og Stöð 2 greindi frá um helgina.

Spurð hvort hún telji þessar launahækkanir réttlætanlegar segist Elín ekki vilja taka afstöðu til þess. „En við höfum lagt áherslu á það í samtölum okkar við stjórnir fjármálafyrirtækja að það er mjög mikilvægt að gæta að innri hagræðingu í fjármálafyrirtækjunum og kostnaðaraðhald hlýtur að vera lykilatriði í rekstri fjármálafyrirtækja á Íslandi í dag.“ **- sh**

Nýtt æði í Bretlandi:

# Auð kynlífsbók vekur athygli

**BRETLAND** Bókin „Það sem allir karlmenn hugsa um fyrir utan kynlíf“ selst nú eins og heitar lummur hjá netversluninni Amazon. Bókin samanstendur af tvö hundruð auðum síðum og er aðallega notuð sem stílabók hjá námsmönnum um allt Bretland.

Höfundurinn, hinn 39 ára Sheridan Simove, segist ekki hafa búist við að námsmenn tækju niður glósur í bókina hans. „En líklega byrja þeir að hugsa um kynlíf á ný um leið og kennslustundunum lýkur,“ segir Simove. **- kg**

Stigu sjálfviljugir upp í flugvél:

# Vítisenglarnir komnir heim

**LÖGREGLUMÁL Átta liðsmenn íslensku Vítisenglanna komu til landsins á tólfta tímanum í gærkvöldi frá Osló. Þeir stigu sjálfviljugir upp í flugvél á Gardemoen-flugvelli samkvæmt upplýsingum frá lögmanni þeirra.**

**Vélhjólaklúbburinn MC Iceland öðlaðist um helgina fulla aðild að alþjóðasamtökunum Hells Angels. Áttmenningarnir fóru af því tilefni til Noregs til að taka þátt í vígsluathöfn hjá norskum félögum sínum, sem höfðu annast inngönguferlið. Við komuna voru þeir hins vegar stöðvaðir af lögreglu og meinuð landganga. Þeir voru í haldi þangað til þeir sneru aftur til Íslands í gærkvöldi.**

**Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var enginn sérstakur viðbúnaður í Leifsstöð vegna heimkomunnar.** **- sh**

Gönguskíðamenn í tjöldum:

# Biðu björgunar í gærkvöldi

**BJÖRGUN** Þrír gönguskíðamenn biðu björgunar á Snæbreið við Tjaldskarð á Öræfajökli í gærkvöld. Mennirnir óskuðu eftir aðstoð björgunarsveita um kaffileytið í gærdag.

Björgunarsveitarmenn frá Höfn og Kirkjubæjarklaustir voru komnir áleiðis upp Breiðamerkurjökul þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld. Gert var ráð fyrir að björgunarmenn næðu til skíðamannanna um miðnættið.

Skíðamennirnir voru vel búnir og höfðust við í tjöldum. **- jma**

## SLYS

### Sex bílar í árekstri

Sex bíla árekstur varð á Holtavörðuheiði á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Mikil hálka var á veginum og gríðarlega hvasst að sögn sjónarvotta. Nokkurt tjón varð á bílunum.

# Ljóst að fólk missir vinnuna hjá SpKef

**Formenn samtaka sveitarfélaga á Vestfjörðum og Suðurnesjum hafa áhyggjur af yfirtökunni á SpKef. Starfsmenn fá upplýsingar um framhaldið í dag. Viðskiptavinir taka út fé og flýja til annarra sparisjóða af óánægju með Landsbankann.**

**VIÐSKIPTI** Formenn samtaka sveitarfélaga á Vestfjörðum og Suðurnesjum hafa áhyggjur af yfirtöku Landsbankans á SpKef. Ljóst sé að fólk muni missa vinnuna.

SpKef rekur sextán útibú á landinu, þar af sjö á Vestfjörðum og sex á Suðurnesjum. Til samanburðar er Landsbankinn aðeins með eitt útibú á Vestfjörðum og þrjú á Suðurnesjum – þar af eitt í Leifsstöð.



ALBERTÍNA ELÍASDÓTTIR

„Það er ljóst að þetta mun fyrr en seinna leiða til þess að einhverjum af þeim sem starfa fyrir þessar stofnanir verður sagt upp. Þá fjölgar þeim enn þeim sem eru atvinnulausir – nóg er nú samt af þeim. Auðvitað hefur maður áhyggjur af þessu,“ segir Gunnar Þórarinsson, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ og formaður Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ og formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, tekur í sama streng. „Það sem var áður Sparisjóður Vestfjarða [síðar SpKef] hefur verið með nokkuð mörg útibú hérna fyrir vestan og auðvitað hljótum við að hafa áhyggjur af framtíð þessara útibúa,“ segir hún. Stjórn Fjórðungssambandsins muni líklega taka málið fyrir á fundi sínum á morgun.

Um 150 manns starfa hjá SpKef, flestir í höfuðstöðvunum í Reykjanesbæ. Öll útibúin verða opnuð í dag en starfsmenn munu mæta á fund klukkan átta þar sem farið verður yfir stöðuna.

Greint var frá því á Stöð 2 í gær að viðskiptavinir SpKef hefðu tekið tugi milljóna út af reikningum sínum hjá sjóðnum á föstudag þegar yfirtakan spurðist út og óttast sé að fleiri muni gera slíkt hið sama í dag vegna andstöðu við Landsbankann. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að fyrir vestan hafi fjöldi fólks hætt viðskiptum við SpKef og snúið sér til Sparisjóðs Strandamanna.

Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslu ríkisins, segir að með brotthvarfi SpKef úr samstarfi sparisjóðakerfisins um kaup á ýmissi sameiginlegri þjónustu vakni spurningar um rekstrarhæfi þeirra litlu sjóða sem eftir standi. Sparisjóðakerfið minnki um helming með brotthvarfi SpKef og því þurfi að fara að huga sameiningarmöguleikum. **stigur@frettabladid.is**

## Útibúanet SpKef




Þrettán af sextán útibúum SpKef eru á Vestfjörðum og Reykjanesi. Ólíklegt er talið að þau fái öll að lifa, enda Landsbankinn sums staðar með útibú á sama stað.

> Þetta mun fyrr en seinna leiða til þess að einhverjum af þeim sem starfa fyrir þessar stofnanir verður sagt upp.
>
> GUNNAR ÞÓRARINSSON
> FORMAÐUR SSS

Banaslys í Borgarbyggð:

# Drengur lést af slysförum

Fimm ára drengur lést er hann lenti í driftskafti vélar á sveitabæ í Borgarbyggð síðdegis á laugardag. Drengurinn var gestkomandi á bæ á Mýrum samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Borgarfirði og í Dölum. Rannsóknardeild lögreglunnar á Akranesi fer með rannsókn málsins.

Ekki er hægt að greina frá nafni drengsins að svo stöddu. **- jma**



**PINATUBO** Rannsóknin náði til eldfjallsins Pinatubo á Filippseyjum sem gaus árið 1991. NORDICPHOTOS/AFP

Ný rannsókn kynnt í Nature:

# Kulnuð eldfjöll sögð leyna á sér

**FRÆÐI Niðurstöður nýrrar rannsóknar benda til að eðli kulnaðra eldfjalla og kvikuhólfanna undir þeim sé annað en lengi var talið. Vísindamenn segja nú að þau geti orðið virk að nýju með styttri fyrirvara en áður var talið og því þurfi að endurmeta hættuna sem af þeim geti stafað.**

**Lengi hefur verið talið að þegar kvikuhólf eldfjalls kólni niður líði aldir þangað til fersk kvika fari að renna til þess að nýju. Rannsókn bandarískra og franskra vísindamanna á tveimur eldstöðvum sýna að þessi atburðarás getur tekið mánuði en ekki aldir, að því er kemur fram í næsta tölublaði Nature.** **- shá**




Átök milli uppreisnarmanna og hersveita héldu áfram í Líbíu um helgina:

# Mikil skothríð í höfuðborginni

**LÍBÍA** Hörð átök milli uppreisnarmanna og hersveita, sem hliðhollar eru Muammar Gaddafi, héldu áfram víða í Líbíu um helgina. Ríkissjónvarpsstöð landsins greindi frá því í gær að herinn hefði aftur náð völdum í borgunum Misrata, Ra's Lanuf, Tobruk og Zawiya. Í öðrum miðlum halda uppreisnarmenn og íbúar borganna því þó fram að mótmælendur séu enn við völd í þessum borgum. Fréttir af mannfalli í átökunum eru óljósar, en í gær töldu bráðaliðar á svæðinu að tveir hið minnsta hefðu látist og nokkrir tugir slasast.

Í gærmorgun var tilkynnt um mikla skothríð í höfuðborginni Trípolí, sem hefur verið höfuðvígi Gaddafis í átökunum meðan uppreisnarmenn hafa náð flestum borgum austanverðrar Líbíu á sitt vald. Talsmenn yfirvalda útskýrðu skothríðina þannig að um fagnaðarlæti hefði verið að ræða í tilefni þess að herinn hefði tekið völdin í ofannefndum borgum á ný. Að sögn BBC draga margir þeir sem staddir eru á svæðinu þá skýringu í efa.

Ekkert lát er á flóttamannastraumi frá Líbíu. Talið er að þrír slíkir frá Bangladess hafi látist og sextán annarra er saknað eftir að þeir stukku frá borði skips rétt í þann mund sem það lagðist að bryggju við grísku eyjuna Krít í gær. Þeir munu hafa óttast að vera sendir aftur til heimalands síns. Þá var átta breskum hermönnum, sem líbískir uppreisnarmenn handsömuðu í fyrrinótt, sleppt seinnipartinn í gær. **- kg**



**ÁTÖK** Uppreisnarmenn búa sig undir átök í borginni Ra's Lanuf í Líbíu í gær. NORDICPHOTOS/AFP




NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

3.000 kr. símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## GENGIÐ 04.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,92 | 115,46 |
| Sterlingspund | 186,85 | 187,75 |
| Evra | 160,48 | 161,38 |
| Dönsk króna | 21,519 | 21,645 |
| Norsk króna | 20,613 | 20,735 |
| Sænsk króna | 18,172 | 18,278 |
| Japanskt jen | 1,3909 | 1,3991 |
| SDR | 181,23 | 182,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,2332

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Menntamálaráðherra leggur til að mótuð verði stefna í málefnum ungs fólks:

# Tekið verði tillit til sjónarmiða ungs fólks

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, vill að vegur ungs fólks í samfélaginu verði aukinn og hefur kynnt í ríkisstjórn áform um mótun heildstæðrar stefnu í málefnum þess.

Engin slík heildstæð stefna er til þótt eftir henni hafi verið kallað, meðal annars af hálfu þeirra sem starfa að æskulýðsmálum.

Yfir 50 þúsund íbúa landsins eru á aldrinum 15 til 25 ára og má segja að allar ákvarðanir og aðgerðir hafi áhrif á aðstæður þeirra.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Ungt fólk á að hafa meira um sín mál að segja að mati mennta- og menningarmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vill Katrín að eftirleiðis verði tekið tillit til sjónarmiða og þarfa ungs fólks til lengri og skemmri tíma þegar ákvarðanir eru teknar í málaflokkum á borð við atvinnu, húsnæði, menntun, heilsu og tómstundir.

Í ráði er að setja á laggirnar samráðshóp ráðuneyta sem í störfum sínum leiti til allra viðkomandi, hvort heldur eru opinberir aðilar, félagasamtök eða einstaklingar.

Stefnt er að því að vinna stöðuskýrslu um málefni ungs fólks og gera tillögu um hvernig móta megi stefnu í málefnum þess á grunni hennar. **- bþs**

Siglingaleið gæti lagst af:

# Ferjan lífæð samfélagsins

**SAMGÖNGUR** Ferjusiglingar milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar gætu lagst af í sumar vegna niðurskurðar. Búið var að fækka ferðum frá tveimur í viku í eina síðasta sumar. Siglingaleiðin hefur síðustu ár verið boðin út en ríkið vill að sveitarfélagið taki við siglingaleiðinni að fullu 1. október eða eigi síðar en um næstu áramót.

Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, segir í viðtali í Austurglugganum að ferjan sé lífæð samfélagsins í Mjóafjarðarhreppi. **- jma**

Kosningar á Írlandi:

# Mynda samsteypustjórn

**ÍRLAND Leiðtogar tveggja stærstu flokkanna á Írlandi, Verkamannaflokksins og hægriflokksins Fine Gael, tilkynntu í gær að flokkarnir hefðu komið sér saman um myndun nýrrar samsteypustjórnar. Ákvörðunin er afrakstur sex daga samningaviðræðna þeirra á milli.**

**Flokkarnir hafa saman 113 þingsæti af 166 á írska þinginu. Fyrir kosningar voru flokkarnir sammála um að endursemja við Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um neyðarhjálp. Nokkuð bar í milli varðandi hvernig ætti að takast á við niðurskurð í ríkisfjármálum. Talið er að nýr stjórnarsáttmáli verði kynntur í dag.** **- kg**

Andlát í World Class:

# Eigendur og starfsmenn harma atvikið

**SLYS** Eigendur og starfsfólk World Class harma þann atburð sem varð á miðvikudag er maður fannst látinn í heilsuræktarstöð World Class í Laugum.

Frá þessu er greint í yfirlýsingu sem send var fjölmiðlum í gær. Maðurinn hafði legið næturlangt í gufunni.

Verklagsreglur stöðvarinnar kveða skýrt á um að gengið sé úr skugga um að allir viðskiptavinir séu farnir út við lokun. Á því hafi orðið misbrestur og er það harmað. Stjórnendur og starfsfólk ætla að fara yfir verklagsreglurnar til að tryggja að atburður sem þessi gerist ekki aftur.

Starfsfólk og eigendur votta ættingjum hins látna sína dýpstu samúð.

# Rúmir 4 milljarðar í lækna sem búa úti

**Ríkið hefur greitt að minnsta kosti 4,3 milljarða fyrir nám íslenskra lækna sem eru starfandi erlendis. Launin verða að hækka svo læknarnir snúi heim til Íslands, segir forseti heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Aðsókn í læknanám er enn mikil.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ríkið hefur greitt að minnsta kosti 4,3 milljarða króna í menntun íslenskra lækna sem nú búa og starfa erlendis. Árlegur kostnaður þess að mennta lækni hér á landi er 1,4 milljónir. Fullt læknanám tekur sex ár og hefur ríkið því borgað um 8,5 milljónir króna fyrir hvern fullmenntaðan lækni. Eru þessar tölur miðaðar við fjárlög ríkisins 2011 til Háskóla Íslands (HÍ), sem þó lækkuðu um 7 prósent frá árinu áður. Því má gera ráð fyrir að kostnaður við menntun lækna hafi áður verið hærri. Er einungis verið að tala um beint framlag ríkisins til læknanáms við HÍ, en ekki námslán og aðra framfærslu nema.

„Þetta er heilmikil fjárfesting sem búið er að setja í menntun þessara lækna, sem nýtist okkur ekki,“ segir Sigurður Guðmundsson, forseti heilbrigðisvísindasviðs HÍ og fyrrverandi landlæknir. „Þess vegna er skoðun margra að við ættum að reyna að vinna í því að fá þetta fólk heim frekar en að mennta enn fleiri lækna. Við eigum að byggja betur í haginn fyrir þetta fólk.“

Rúmlega þúsund læknar eru nú starfandi hér á landi. Þriðjungur þeirra sem hafa útskrifast með almennt lækningaleyfi er búsettur erlendis, eða 509 manns. Margir eru að leggja stund á sérfræðinám og snúa líklega til Íslands að námi loknu. Í Svíþjóð búa til að mynda 298 af þessum 509 læknum og má það að einhverju leyti rekja til vinsælda landsins vegna námsframboðs.

Mikið hefur borið á því á síðustu árum að læknar ákveði að starfa erlendis áfram að námi loknu. Samkvæmt tölum frá Læknafélagi Íslands hafa rúmlega 10 prósent lækna flutt frá Íslandi á síðustu þremur árum.



**SKURÐAGERÐ** Rúmlega þúsund læknar eru starfandi hér á landi en rétt rúmlega 500 læknar, sem eru útskrifaðir með almennt lækningaleyfi, eru búsettir í útlöndum. Margir þeirra leggja stund á sérfræðinám og gætu snúið til baka að því loknu. NORDICPHOTOS/AFP

> Þess vegna er skoðun margra að við ættum að reyna að vinna í því að fá þetta fólk heim frekar en að mennta enn fleiri lækna.
>
> **SIGURÐUR GUÐMUNDSSON**
> FORSETI HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS HÍ

Sigurður bendir einnig á að þótt laun lækna, sem eru mun lægri hér á landi en fyrir sambærileg störf í nágrannalöndunum, séu ofarlega á listanum þyrfti að bæta fjölmörg önnur atriði. Hann nefnir þar almennt vinnuskipulag og að læknar fái frekari tækifæri til þess að þróa og taka inn nýjungar.

„Ef við ætlum að ná einhverjum árangri þyrftu launakjörin að verða sambærilegri því sem læknar geta fengið annars staðar,“ segir hann.

Þrátt fyrir þessa stöðu íslensku læknastéttarinnar hefur aðsókn í læknanám við HÍ ekki minnkað. Búist er við því að rúmlega 300 manns muni skrá sig í inntökupróf í ár, þar sem 48 munu komast áfram, líkt og síðustu ár. **sunna@frettabladid.is**



**REFSKÁK** Frá Íslandsmótinu sem fram fór um helgina.

Íslandsmót skákfélaga:

# Bolvíkingar hlutskarpastir

**ÍÞRÓTTIR Taflfélag Bolungarvíkur varð hlutskarpast í síðari hluta Íslandsmóts skákfélaga sem fram fór í Rimaskóla um helgina. Aðalsveit félagsins sigraði í 1. deild og B-sveitin í 2. deild.**

**Bolvíkingar stóðu uppi sem sigurvegarar með 43 vinninga alls, eftir harða keppni við Taflfélag Vestmannaeyjar sem lauk keppni með 40,5 vinninga. KR og Haukar féllu úr 1. deild. Víkingaklúbburinn varð efstur í 3. deild og Skákfélag Íslands í 4. deild.** **- kg**

Félag kvenna í atvinnurekstri:

# Halda alþjóðadag hátíðlegan

**FÉLAGSMÁL** Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) efnir til hátíðarhalda á morgun í tilefni alþjóðadags kvenna. Hátíðin fer fram á Grand hóteli frá klukkan 17 til 19. Allar konur eru velkomnar ásamt gesti.

Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að þúsundir viðburða séu haldnir í tilefni Alþjóðadagsins um víða veröld. Tilgangur þeirra sé að sameina konur, auka sýnileika og tækifæri þeirra. Eitt af markmiðum FKA sé að virkja tenglsanet kvenna í atvinnurekstri og því sé ætlunin að félagskonum, sem selji vörur og þjónustu, gefist tækifæri til að kynna sig á Grand hóteli á morgun. **- kg**




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**KÓLNANDI** Nú snýst til norðanáttar með kólnandi veðri á morgun og má búast við talsverðu frosti þegar líður á vikuna. Éljagangur verður á landinu næstu daga en sunnanlands dregur frá sólu um miðja viku og þar verður bjartviðri seinni hluta vikunnar.




**Á MORGUN**
Strekkingur víða með ströndum, annars hægari.

**MIÐVIKUDAGUR**
Hvasst með A-ströndinni, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 4° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 8° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 8° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | 1° |
| París | 9° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# VIST ráðstefna Símans

## Upplýsingatækni- og samskiptalausnir

## Hilton Reykjavík Nordica 10. mars 2011

Fjallað verður um upplýsingatækni- og samskiptalausnir, sem eru ríkur þáttur í rekstri fyrirtækja í dag. Erlendir sem innlendir fyrirlesarar munu segja frá því sem framundan er á þessu sviði og á það erindi við alla sem vilja viðhalda þekkingu sinni og fylgjast vel með nýjungum.

### DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 8.30 | **MÓTTAKA GESTA - MORGUNVERÐUR** |
| 9.00 | **Opnun**<br>Guðmundur Stefán Björnsson - Framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs, Síminn |
| 9.15 | **Útvistun upplýsingatækni: Hvað er mikilvægt að hafa í huga?**<br>Ólafur R. Rafnsson - Ráðgjafi í upplýsingatækni, Capacent |
| 10.00 | **Framtíðin í samskiptalausnum - Microsoft Lync**<br>Guðmundur Aðalsteinsson - Viðskiptastjóri, Microsoft á Íslandi<br>Eric Heinen - Lausnaráðgjafi, Microsoft á Íslandi |
| 10.45 | **HLÉ** |
| 11.05 | **Myndfundir og samþætting samskiptalausna**<br>Hrafnkell Tulinius - Viðskiptaþróun, Sensa<br>Ómar Henningsson - Netsérfræðingur, Sensa |
| 11.40 | **Reynslusaga - T Plús**<br>Sumarliði G. Helgason - Forstöðumaður UT, T Plús og Saga fjárfestingarbanki |
| 12.10 | **HÁDEGISVERÐUR** |
| 13.10 | **Upplýsingakerfi sem neysluvara**<br>Halldór Jörgensson - Framkvæmdastjóri, Microsoft á Íslandi |
| 13.55 | **ICT - The development of hosted communications and public cloud services**<br>Ben Bunn - Senior System Engineer, Broadsoft |
| 14.30 | **HLÉ** |
| 14.45 | **Unified Communications in the Cloud**<br>Mark Seeman - CTO, Outsourcery |
| 15.30 | **Síminn á hýsingarmarkaðnum, framtíð og stefna**<br>Davíð Stefán Guðmundsson - Forstöðumaður lausna og þjónustu Fyrirtækjasviðs, Síminn |
| 15.45 | **KOKTEILL Í BOÐI SÍMANS** |
| 17.00 | **RÁÐSTEFNULOK** |

**Nánari upplýsingar og skráning á siminn.is**

ENNEMM / SIA / NM45676

Síminn

800 4000 - siminn.is

**KJÖRKASSINN**



*Langar þig að sjá hljómsveitina Eagles á tónleikum hér á landi?*

| | |
|---|---|
| Já | 53,5% |
| Nei | 46,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Borðar þú bollu í dag?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

vísir

Hæstarétti barst á tíu árum 41 beiðni um endurupptöku, þrjár voru samþykktar:

# Beiðnunum er jafnan hafnað

**ALÞINGI** Á árabilinu 2000 til 2010 barst Hæstarétti 41 beiðni um endurupptöku máls sem dómurinn hafði dæmt. Af þeim voru þrjár samþykktar.

Þetta kemur fram í svari innanríkisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur VG. Af 41 beiðni var 32 hafnað en fimm voru afturkallaðar. Eitt þeirra mála sem bárust árið 2009 er enn til meðferðar.

Árlegar beiðnir um endurupptöku eru frá einni og upp í sex. Rétturinn samþykkti endurupptöku mála árin 2001, 2007 og 2010. Í kjölfar svarsins hefur Álfheiður lagt nýja fyrirspurn fyrir ráðherrann. Spyr hún hve margir dómarar ákváðu synjun hverrar beiðni fyrir sig, hvernig dómarar voru valdir og hvers vegna ákvarðanir um endurupptöku og synjun eru ekki birtar á vef Hæstaréttar. Þá spyr Álfheiður hvort ástæða sé til að breyta lögum eða verklagi við ákvörðun um endurupptöku mála. **- bþs**



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

**Endurupptökubeiðnir**

| Ár | Fjöldi beiðna |
|---|---|
| 2000 | 4 |
| 2001 | 4 |
| 2002 | 4 |
| 2003 | 3 |
| 2004 | 4 |
| 2005 | 3 |
| 2006 | 6 |
| 2007 | 1 |
| 2008 | 3 |
| 2009 | 3 |
| 2010 | 6 |
| Samtals | 41 |

Stjórn Ungra vinstri grænna:

## Segja ríkisvaldið á hálum ís

**STJÓRNMÁL** Stjórn Ungra vinstri grænna mótmælir hugmyndum dómsmálaráðherra sem fela í sér stórauknar rannsóknarheimildir lögreglunnar.

Í yfirlýsingu frá félaginu segir að með því að heimila njósnir um fólk, án þess að fyrir liggi rökstuddur grunur um saknæmt athæfi, sé ríkisvaldið komið út á næfurþunnan ís. Út frá grundvallar mannréttinda- og lýðræðissjónarmiðum verði að hafna öllum slíkum hugmyndum. **- kg**



**HLEKKTIST Á Í LENDINGU** Dönsk rannsóknarnefnd verður samferða þeirri íslensku til Grænlands í dag.

Rannsókn flugslyssins í Nuuk:

## Vindhraði innan þolmarka

**SLYS** Rannsókn á óhappinu í Nuuk, þar sem flugvél Flugfélags Íslands brotlenti, hefst í dag ef veður leyfir. Fulltrúar danskrar rannsóknarnefndar komu til landsins í gær en íslensk nefnd tekur þátt í rannsókninni, sem dönsk yfirvöld fara með. Alls voru 34 um borð. Engan sakaði.

„Íslenska nefndin verður samferða Dönunum út, en þeir komu hingað til lands í gær,“ segir Þormóður Þormóðsson, forstöðumaður Rannsóknarnefndar flugslysa. „Samkvæmt því er við best vitum fékk áhöfn vélarinnar þær upplýsingar fyrir lendingu að vindurinn væri innan þeirra þolmarka sem vélin er hönnuð fyrir.“ **- jma**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Fíkniefni á Akranesi

Lögreglan á Akranesi stöðvaði ökumann vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna á laugardaginn. Við húsleit heima hjá honum fundust 43 kannabisgræðinga og 18 kannabisplöntur. Þá fannst eitt kíló af afskornu kannabislaufi ásamt tólum til ræktunar.

# Níu af hverjum tíu bændum á móti ESB

**Evrópusambandsaðild var formanni Bændasamtakanna og landbúnaðarráðherra efst í huga við upphaf Búnaðarþings í gær. Ný skoðanakönnun meðal bænda undirstrikar andstöðu við ESB-aðild. Ráðherra segir ESB beita mútum.**

**LANDBÚNAÐUR** Ný skoðanakönnun sýnir að yfir níutíu prósent bænda eru mótfallin inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Þetta kom fram á árlegu Búnaðarþingi Bændasamtaka Íslands sem var sett í gær undir yfirskriftinni „Ræktum okkar land“.

Haraldur Benediktsson, formaður BÍ, fór víða í setningarræðu sinni. Hann gerði aðildarviðræður við Evrópusambandið að sérstöku umtalsefni og sagði að andstaða hjá bændum við aðild að ESB væri sterk og almenn. Nýleg könnun sýnir að 92 prósent þeirra leggjast gegn aðild en um tíu prósent úr félagatali Bændasamtakanna voru spurð álits. „Því miður dettur mér í hug leiksýning, þegar fylgst er með framgöngu aðildarviðræðna Íslands. Menn fara í orðaleiki um það hvort um sé að ræða aðlögun eða viðræður. En tvennt er alveg á hreinu. Ísland hefur nú í landbúnaðarmálum játast að gangast undir sameiginlega landbúnaðarstefnu ESB og hér á landi vinna stjórnvöld að aðlögun, þótt til pólitísks heimabrúks sé hún kölluð öðrum nöfnum.“ Féllu þessi orð eftir hvassa gagnrýni á formann samninganefndarinnar, Stefán Hauk Jóhannesson, sem Haraldur sagði hafa gert lítið úr framlagi Bændasamtakanna við að rækja skyldur sínar gagnvart stjórnvöldum í aðlögunarferlinu. Þvert á móti sagði Haraldur að samtökin hefðu gert meira en þeim ætti að bera skylda til.



HARALDUR BENEDIKTSSON



**Í RÉTTUM** Landbúnaðurinn skapar eða styður við tólf þúsund störf hér á landi, segir formaður BÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Mikilvægt [er] að íslenskir stjórnmálamenn, stéttarfélög, sveitarfélög og allur almenningur standi fast gegn fémútum Evrópusambandsins á þessum viðsjárverðu tímum.
>
> **JÓN BJARNASON** LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA

Fæðuöryggi var honum ofarlega í huga en í ræðu sinni sagði hann að ábyrgðarlaus framkoma lánastofnana hefði eyðilagt tvær búgreinar á íslandi, alifugla- og svínarækt. Vitnaði hann til Rannsóknarskýrslu Alþingis í því samhengi. Haraldur sagði jafnframt að veruleg verðmæti hefðu skapast af útfluttum landbúnaðarvörum. Fluttar hefðu verið út landbúnaðarafurðir fyrir um níu milljarða króna, sem væri næstum sama upphæð og öll bein framlög til bænda í búvörusamningum í ár.

Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, var á svipuðum nótum í ræðu sinni og sagði að fengi ESB og talsmenn þess að ráða ferðinni yrði Ísland „að miklu leyti orðið aðili að ESB með margháttuðum aðlögunum íslenskra samfélagshátta áður en þjóðinni stendur til boða að ganga til kosninga um málið.“ Jón gagnrýndi harðlega að ESB héti háum styrkjum til verkefna hérlendis; því væri „mikilvægt að íslenskir stjórnmálamenn, stéttarfélög, sveitarfélög og allur almenningur standi fast gegn fémútum Evrópusambandsins á þessum viðsjárverðu tímum,“ að sögn ráðherra. **svavar@frettabladid.is**



**FJÖLMENNI** Gestir á öllum aldri sóttu Náttúrufræðistofnun heim á laugardag. MYND/ÓLAFUR HAUKSSON

Náttúrufræðistofnun Íslands:

## Fjölmenni í Urriðaholtinu

**VÍSINDI** Milli fimm og sex þúsund manns heimsóttu opið hús í Náttúrufræðistofnun Íslands í Urriðaholti á laugardag. Meðal annars var nýtt verkefni stofnunarinnar kynnt fyrir gestum, en það gengur út á að gera beinagrind af steypireyði, stærstu skepnu jarðar, tilbúna til sýningar.

Náttúrufræðistofnun flutti í Urriðaholt fyrir áramótin síðustu og eru nýju heimkynnin sérsniðin fyrir fræða- og vísindastörf stofnunarinnar. Meðal annars eu allir íslenskir náttúrugripir varðveittir í Urriðaholtinu. **- kg**

Viðskila við vélsleðafélaga:

## Gróf sig í fönn

**BJÖRGUN Vélsleðamaðurinn sem varð viðskila við félaga sína við Hrafntinnusker um hádegisbil á laugardag bjargaðist eftir að hafa legið í skjóli snjós og vélsleða í sjö og hálfa klukkustund. Um tíu stiga frost og mikill vindur var á svæðinu en maðurinn var með farsíma meðferðis og því í sambandi við björgunarsveitir.**

**Áður hafði félagi mannsins einnig orðið viðskila við hópinn en komst fótgangandi í skálann á Hrafntinnuskeri. Sá hafði verið á gangi í fjórar klukkustundir. Allir mennirnir voru vel búnir en að þeirra sögn hafði veðrið reynst verra en þeir töldu spána segja til um.** **- jma**

Áttu gamalt hús sem þarf að gera við en veist ekki hvar á að byrja?



HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa

Endurgjaldslaus ráðgjöf í Árbæjarsafni miðvikudaga kl. 16 – 18 og á sama tíma í síma 411 6333

Húsafriðunarnefnd – IÐAN fræðslusetur – Minjasafn Reykjavíkur

Stjórnvöld í Kína ætla tíunda árið í röð að auka framlög til hermála:

# Kínverjar styrkja herafla sinn

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld ætla að auka framlög sín til hermála um 13 prósent á þessu ári. Nágrannaríki Kína og Bandaríkin hafa viðrað áhyggjur sínar af þessu.

Undanfarinn tíu ár hafa Kínverjar aukið framlög til hermála á hverju einasta ári um 12 til 17 prósent, nema á síðasta ári þegar heldur var dregið úr aukningunni. Hún var 7,5 prósent það árið.

Alls ætla Kínverjar að verja rúmlega 600 milljörðum júana til hermála þetta árið, en það samsvarar um það bil 10 þúsund milljörðum íslenskra króna. Þetta kemur fram í nýrri fimm árá áætlun stjórnarinnar sem lögð er fram á þjóðþinginu í Kína, sem hófst í gær.

Sérfræðingar segja þó að framlög til hermála í Kína séu í reynd mun hærri en stjórnvöld gefa upp.

Kínverska þjóðþingið kemur saman einu sinni á hverju ári og situr í tíu daga. Formlega hefur þingið ekki mikil völd, en samkoma þess er jafnan mikill viðburður í kínverskum fjölmiðlum og öllu til tjaldað svo sýningin verði sem áhrifaríkust. **- gb**



**ÞINGFUNDUR HAFINN** Að venju er mikið um dýrðir þá sjaldan kínverska þjóðþingið kemur saman. NORDICPHOTOS/AFP

# Að bremsa eða bremsa ekki?
# Hver vill spyrja sig þeirrar spurningar?




## Í mars er ástandsskoðun á bremsum í boði þjónustuaðila Toyota - Bara lausnir

Stoppaðu hjá einhverjum af viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota og láttu fara yfir bremsudiskana, bremsuklossana og bremsuborðana í bílnum. Það eykur umferðaröryggi og sparar þér peninga.

## 20% afsláttur

Í mars er 20% afsláttur af öllum bremsudiskum, bremsuklossum og bremsuborðum hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | 200 Kópavogi | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6600 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 577 7080 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

**Today Tomorrow Toyota**

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 53736 02/11

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hverjir fengu formlega inngöngu í Hells Angels á dögunum?
2. Hver er nýr olíu- og orkumálaráðherra Noregs?
3. Hver er fréttastjóri RÚV?

**SVÖR**

1. Félagar í vélhjólaklúbbnum MC Iceland 2. Ola Borten Moe 3. Óðinn Jónsson

Unnið að nauðsynlegum skipulagsbreytingum vegna nýja Landspítalans:

# Framkvæmdir gætu hafist með haustinu

**FRAMKVÆMDIR** Vinna við deiliskipulag lóðar nýja Landspítalans við Hringbraut í Reykjavík er vel á veg komin. Unnið er á grundvelli tillögu Spital-hópsins sem varð hlutskörpust í samkeppni um hönnun spítalans.

Þegar deiliskipulagið liggur fyrir af hálfu skipulagsráðs verður það kynnt, og auglýst eftir athugasemdum. Ekki er ljóst hvenær ráðið lýkur verkinu og þar með hvenær af endanlegri samþykkt þess getur orðið.

Þegar því ferli er lokið þurfa stjórnvöld, lögum samkvæmt, að leita eftir heimild Alþingis svo næstu skref verði stigin. Að því búnu verður hægt að bjóða út fyrstu áfanga verkefnisins, sem að líkindum verður gatnagerð og annað slíkt.

„Framkvæmdir gætu hafist í haust ef allt gengur eftir," segir Gunnar Svavarsson, stjórnarformaður Nýs Landspítala, fyrirtækis í eigu ríkisins sem annast undirbúning og útboð spítalans.

Áætlað er að framkvæmdum verði að fullu lokið í byrjun árs 2016 og að á áttunda hundrað manns vinni að þeim þegar hæst stendur árin 2013 og 2014. **- bþs**



**NÝI LANDSPÍTALINN** Tölvugerð mynd af vinningstillögu Spital-hópsins.


LYFJA
– Lífið heil

www.lyfja.is



+15% afsláttur*
á öllum stærðum af
Nicorette Fruitmint.
Dæmi: 2 mg, 210 stk.
Áður: ~~4.975 kr.~~ Nú: 4.229 kr.

*gildir út mars 2011.

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 53839 02/11




**Í HÁSKÓLANUM** Wallis vonar að á Evrópuþinginu verði Sjálfstæðisflokkur hluti EPP, hreyfingar hægri-miðjumanna, frekar en EFD, hægrisinnaðra and-evrópusinna. Sjálf bindur hún vonir við Framsóknarflokkinn til að styrkja raðir sinnar hreyfingar, ALDE. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekki senda afdankaða þingmenn

**Varaforseti Evrópuþingsins vonar að Íslendingar muni senda frjálslynda kvenkyns dugnaðarforka til þingsins og segir þingmenn smáríkja hafa allt eins mikil áhrif og þingmenn annarra ríkja.**

**EVRÓPUMÁL** Varaforseti Evrópuþingsins, Diana Wallis, segir þingið stöðugt sækja í sig veðrið og fulltrúar þar hafi æ meiri pólitíska vikt. Áður loddi við þingið að þangað settust stjórnmálamenn í helgan stein.

Wallis hélt í liðinni viku fyrirlestur í Háskóla Íslands um áhrif þingmanna smáríkja á Evrópuþinginu. Hún sagði að íslenskir Evrópuþingmenn gætu haft töluverð áhrif á þinginu, enda væru þar ekki greidd atkvæði eftir þjóðerni heldur hugsjónum. Þingmaður frá Íslandi gæti því allt eins verið í meirihluta í Brussel og hver annar fulltrúi.

Hún tók fram að hún afþakkaði afdankaða stjórnmálamenn: „Sendið okkur frjálslynda, sendið okkur konur og sendið okkur dugnaðarforka," sagði Wallis, sem sjálf er bresk og tilheyrir hreyfingu Frjálslyndra.

Máli sínu til stuðnings vitnaði varaforsetinn í gögn vefsíðunnar Votewatch.eu og taldi upp nokkur afrek þingmanna frá Möltu, Lúxemborg, Kýpur og Finnlandi.

„Það er því engin spurning að þingmenn frá smáríkjum geta haft mikil áhrif," sagði hún: Lissabonsáttmálinn hefði hjálpað til við þetta.

Nú leita til Evrópuþingmanna, segir Wallis, Svisslendingar og Bandaríkjamenn og aðrir, til að tryggja samningum sínum við ESB fylgi. Afdrif mála ráðist oft í þinginu.

„Þessi ríki eru misvel að sér í lobbíisma. Manni finnst stundum að maður geti ekki hreyft sig í Brussel án þess að ýta við Norðmanni. Þið Íslendingar eigið margt ólært," sagði Wallis.

Wallis ræddi nýjar reglur um borgarafrumkvæði, þar sem borgarar ESB geta átt frumkvæði að löggjöf, náist að safna tilskildum undirskriftum.

Þetta væri stærra skref í átt til lýðræðis en flest aðildarríki þyrðu sjálf að stíga. **klemens@frettabladid.is**

## Stofnun í sífelldri sókn

Á *Evrópuþinginu* sátu upphaflega 78 fulltrúar sex landa og voru valdir árlega af þjóðþingum þeirra. Þingið hafði þá, í árdaga Evrópusambandsins, ráðgefandi hlutverk en lítil völd.

Nú eru þingmennirnir 736 talsins og sitja í fimm ár í senn. Þeir eru valdir beinni kosningu af borgurum aðildarríkjanna 27 og er Evrópuþingið því oft sagt vera lýðræðislegasta stofnun ESB. Þó sitja einnig kjörnir fulltrúar aðildarríkjanna í *ráðherraráðinu*, sem er ráð fagráðherra aðildarríkjanna, og í *leiðtogaráðinu*, sem er ráð forseta og/eða forsætisráðherra ríkjanna.

Völd þingsins hafa aukist með hverri sáttmálabreytingu ESB og nú hefur það neitunarvald yfir fjárlögum sambandsins. Ný lagafrumvörp koma upphaflega frá *framkvæmdastjórninni*, þar sem fulltrúar allra aðildarríkjanna sitja, og á hún að gæta hagsmuna ESB. Frumvörpin fara svo til þings og ráðherraráðs, sem semja um frumvörpin, breyta þeim og bæta.

Þá yfirheyrir þingið þá sem þjóðríkin velja til að sitja í framkvæmdastjórn ESB og getur neitað þeim um setu. Jafnvel sett alla framkvæmdastjórnina af.

*Sjá einnig: www.europarl.europa.eu*


# Kvótakerfi og samfélag:
## Hagkvæmni - réttlæti

Áhugahópur háskólamanna um sjávarútvegsmál heldur tvö málþing á næstunni. Fyrra málþingið verður **þriðjudaginn 8. mars** nk. kl. 15:00 til 17:00 í stofu N-132 í Öskju Háskóla Íslands.

Rætt verður um þjóðfélagslega hagkvæmni kvótakerfsins og hugsanlega upptöku ríkisins á kvótarétti, upphaflega úthlutun og fleiri atriði séð frá akademískum sjónarhóli. Málþingið er öllum opið.

**Dagskrá málþingsins I:**

| | |
|---|---|
| *Kvótakerfi og hagkvæmni í sjávarútvegi* | Dr. Ragnar Árnason, prófessor |
| *Upptaka kvótaréttinda og hagkvæmni í sjávarútvegi* | Dr. Daði Már Kristófersson, dósent |
| *Upphafleg úthlutun kvótaréttinda: Lögmæti, réttlæti* | Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur HÍ |

# Kvótakerfi og landsbyggð:
## Hagkvæmni - byggðir

Málþing II fer fram **þriðjudaginn 15. mars** nk. kl. 15:00 til 17:00 í stofu N-132 í Öskju Háskóla Íslands.

Á seinna málþinginu fjalla fræðimenn um þróun og framleiðni í sjávarútvegi landsmanna, áhrif kvótakerfisins á byggðaþróun á Íslandi og hvernig upptaka kvótaréttinda muni virka á byggðaskatta. Málþingið er öllum opið.

**Dagskrá málþingsins II:**

| | |
|---|---|
| *Hagkvæmni í sjávarútvegi: Þróun, framleiðni* | Dr. Sveinn Agnarsson, forstöðumaður |
| *Kvótakerfið og byggðaþróun* | Dr. Birgir Þór Runólfsson, dósent |
| *Upptaka kvótaréttinda - skattur á byggðir* | Dr. Ragnar Árnason, prófessor |

***Áhugahópur háskólamanna um sjávarútvegsmál***

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

# Bíttu í rófuna

**Ef bitinn er þungur er rófan góð**

Geymist fersk í allt að þrjá mánuði
í kæli við rétt skilyrði

Er bragðbest þegar hún virkar
of þung fyrir sína stærð

Kaloríulítil og góð
uppspretta trefja

Inniheldur mikið
af C-vítamíni



Inniheldur enga fitu

Er nær hvergi jafnvinsæl með
mat eða sem snarl og á Íslandi

Var notuð í stað graskera á hrekkjuvöku
í Evrópu á árum áður því grasker voru ekki fáanleg

Verður fersk á ný ef hún er látin
liggja í ísvatni í nokkrar mínútur

ÞÚ VEIST
HVAÐAN ÞAÐ
KEMUR

íslenskt grænmeti

**islenskt.is**

ÍSLENSKA SIA.IS SFG 44761 07/09



**AÐEINS AÐ KÍKJA** Þessi mannsmynd sem kíkir þarna fyrir horn er reyndar hluti af listaverki eftir Marc Sijan á listsýningunni Armory Show, sem nú stendur yfir í New York. NORDICPHOTOS/AFP

Hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum fækkað um samtals 44 á milli ára:

# Rýmin sums staðar of mörg

**ALÞINGI** Hjúkrunarrýmum á samtals 21 öldrunarstofnun fækkaði um 76 milli áranna 2010 og 2011. Á móti vegur fjölgun rýma á tveimur stofnunum um samtals 32. Mismunurinn er 44 rými.

Þetta kemur fram í svari velferðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar, Framsóknarflokki.

Í því segir að vegna efnahagsþreninga hafi stjórnvöld þurft að minnka umsvif og lækka fjárveitingar til öldrunarheimila. Nokkrar forsendur lágu til grundvallar þegar ákveðið var hvar skyldi fækka og um hve mörg rými. Ein þeirra var mat á þörf. Eftir útreikninga var komist að þeirri niðurstöðu að fjöldi hjúkrarrýma hefði verið umfram reiknað viðmið. Átti það við um Hellu, Þórshöfn, Akranes, Reykhóla, Akureyri og Dalvík.

Þá var reynt, samkvæmt svarinu, að beina niðurskurði meira að stærri öldrunarheimilum og þá sérstaklega þeim heimilum þar sem unnið er að því að fækka fjölbýlum eða þar sem ljóst er að ráðast þurfi í slíka aðgerð. - bþs

## Fækkun og fjölgun

| | |
|---|---|
| **Mest fækkun** | |
| Hrafnista Reykjavík | -17 |
| Siglufjörður | -7 |
| Grund Reykjavík | -6 |
| Akureyri | -6 |
| Vestmannaeyjar | -6 |
| **Fjölgun** | |
| Húsavík | 12 |
| Reykjanesbær | 20 |

Hreinsunarstarf í Oslóarfirði:

# Lýkur eftir tvær vikur

**NOREGUR** Hreinsunarstarfi í Oslóarfirði verður lokið eftir um tvær vikur, samkvæmt norskum fjölmiðlum. Goðafoss strandaði í firðinum um miðjan febrúar með þeim afleiðingum að olía lak í sjóinn.

Olíumengunin er mikil og hefur þegar skaðað fuglalíf í firðinum. Þannig greindi norska ríkisútvarpið frá því fyrir skömmu að skjóta hefði þurft um 250 fugla. Samkvæmt fréttasíðu norska ríkissjónvarpsins vinna 32 sjálfboðaliðar og fimm bátar við hreinsunarstörf.

Frönsku forsetakosningarnar:

# Le Pen yrði efst í fyrstu umferð

**FRAKKLAND** Marine Le Pen, leiðtogi Þjóðfylkingarinnar í Frakklandi, gæti sigrað í fyrstu umferð frönsku forsetakosninganna á næsta ári ef marka má skoðanakönnun dagblaðsins Le Parisien sem birt var í gær.



MARINE LE PEN

Niðurstaða könnunarinnar hefur valdið nokkru fjaðrafoki þar í landi, en samkvæmt henni fengi Le Pen 23 prósent atkvæða, tveimur prósentum fleiri en forsetinn Nicolas Sarkozy og Matrine Aubry, leiðtogi sósíalista.

Þjóðfylkingin er hægri sinnaður flokkur sem hefur barist gegn innflytjendum. Le Pen sagðist þó nýlega vilja brjóta niður ímynd flokksins um útlendingahatur. - kg

## KÚBA

### Alberto Granado er látinn

Alberto Granado er látinn, 88 ára að aldri. Granado er þekktastur fyrir að vera góðvinur byltingarsinnans Che Guevara, en saman ferðuðust þeir um Suður-Ameríku um miðja síðustu öld. Ferðalagi þeirra voru gerð skil í bíómyndinni Mótorhjóladagbækurnar.

# Ráðuneyti flytjast til

**Starfsfólk nokkurra ráðuneyta og stofnana eru að koma sér fyrir í nýjum húsakynnum. Sameining heilbrigðis- og félagsmála í velferðarráðuneyti og sameining samgöngu og dómsmála í innanríkisráðuneyti kallaði á flutninga.**

**STJÓRNSÝSLA** Breytingar á húsnæðisskipan stjórnarráðsins vegna sameininga ráðuneyta hafa verið ákveðnar og hrint í framkvæmd að hluta.

Sameining ráðuneyta heilbrigðis- og félagsmála í velferðarráðuneyti og ráðuneyta samgöngu- og dómsmála í innanríkisráðuneyti kallaði á flutninga.

Velferðarráðuneytið verður í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Þar hefur félagsmálaráðuneytið verið en heilbrigðisráðuneytið í Vegmúla.

Innanríkisráðuneytið verður við Sölvhólsgötu 7. Samgönguráðuneytið var í Hafnarhúsinu og dómsmálaráðuneytið í Skuggasundi 3.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið flyst af Sölvhólsgötu 7 yfir í gamla húsnæði dómsmálaráðuneytisins við Skuggasund. Fjársýsla ríkisins hefur líka verið til húsa við Sölvhólsgötuna en flyst í gamla húsnæði heilbrigðisráðuneytisins við Vegmúla.

Vinnumálastofnun, sem verið hefur í Hafnarhúsinu, flyst svo í Kringluna 1, þar sem Morgunblaðið var eitt sinn til húsa, og verður undir sama þaki og Umboðsmaður skuldara.

bjorn@frettabladid.is

## Staðsetning ráðuneytanna




1 **Forsætisráðuneytið** Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg.

2 **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið** Skuggasundi 3.

3 **Fjármálaráðuneytið** Arnarhváli við Lindargötu.

4 **Iðnaðarráðuneytið** Arnarhváli við Lindargötu.

5 **Innanríkisráðuneytið** Sölvhólsgötu 7.

6 **Menntamálaráðuneytið** Sölvhólsgötu 4.

7 **Sjávarútv.- og landbún. ráðuneyti** Skúlagötu 4.

8 **Umhverfisráðuneytið** Skuggasundi 1.

9 **Utanríkisráðuneytið** Rauðarárstíg 25

10 **Velferðarráðuneytið** Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.



**HAFRANNSÓKNASKIP** Þrír togarar taka þátt í rallinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rannsóknir standa í 3 vikur:

# Vorrallið hafið á fimm skipum

**HAFRANNSÓKNIR** **Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum, eða svokallað vorrall, hófst 1. mars og stendur yfir næstu þrjár vikurnar. Fimm skip taka þátt í verkefninu; togararnir Bjartur, Ljósafell og Jón Vídalín og rannsóknaskipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson.**

**Alls verður togað á um 600 stöðvum vítt og breitt á landgrunninu á 20-500 metra dýpi.**

**Vorrallið hefur verið framkvæmt með sambærilegum hætti á hverju ári síðan 1985. Helstu markmið eru að fylgjast með breytingum á stofnstærð, aldurssamsetningu, fæðu, ástandi og útbreiðslu helstu fisktegunda við landið, og hitastigi sjávar. Fyrstu niðurstöður verða kynntar í apríl.** - shá



Tvær konur dúxar Keilis:

## Útskrift nærri 100 nemenda

**MENNTAMÁL Tæplega 100 nemendur útskrifuðust frá Keili á föstudag. Þar af útskrifuðust 73 úr fjarnámi Háskólabrúar, 32 nemendur í flugumferðarstjórn og þrír úr bóklegu atvinnuflugmannsnámi. Alls hafa 724 nemendur útskrifast frá Keili en um 600 manns eru nú skráðir til náms í skólanum.**

**Dúxar skólans voru Karen Axelsdóttir úr flugumferðarstjórn með einkunnina 9,38 og Snjólaug Guðrún Jóhannesdóttir í fjarnámi Háskólabrúar.** - jma

Áhyggjur af töfum á leyfum til laxeldis í Arnarfirði og eftirspili ef rekstur bregst:

# Ekki tekið á yfirgefnum sjókvíum í lögum

**UMHVERFISMÁL** Tvö fyrirtæki, Arnarlax og Fjarðalax, vilja heimild fyrir samtals 4.500 tonna laxeldi í Arnarfirði. Vesturbyggð segist í umsögn til Skipulagsstofnunar ekki telja að það eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

„Bæjarráð Vesturbyggðar lýsir áhyggjum sínum yfir þeim töfum sem hafa orðið á útgáfu leyfa til laxeldis í Arnarfirði. Miklar vonir eru bundnar við nýtingu náttúruauðlinda til gjaldeyrisskapandi atvinnuuppbyggingu á svæðinu öllu með tilheyrandi fjölgun starfa og auknum umsvifum í sveitarfélaginu,“ segir bæjarráðið sem hins vegar hefur áhyggjur af því hvað verði ef sjókvíaeldið lognast út af.

„Hvergi virðist tekið á því í lögum að ef starfsemi af einhverjum sökum leggst af þá sé það skylda rekstraraðila að ganga frá svæðum eins og komið var að þeim. Til eru dæmi um að mannvirki í sjó hafi verið yfirgefin og enginn skuldbundinn til að ganga frá. Eins og fram hefur komið hafa sveitarfélög ekki skipulagsvald utan netalaga og því er spurt hvort hægt er að beita lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir í slíkum tilfellum,“ segir bæjarráðið, sem kveður núgildandi lög og reglur um rekstrarleyfi til fiskeldis í sjó löngu úreltar og skorar á yfirvöld að endurskoða þau hið fyrsta. - gar



**ARNARFJÖRÐUR** Stór áform eru uppi um laxeldi í sjókvíum í Arnarfirði. Vesturbyggð telur mat á umhverfisáhrifum óþarft. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**EINARSHÚS** Ef svo ólíklega vill til að veður verði vont verður hátíðin flutt inn.

Undirbúa Þorskinn 2011:

## Listamenn fá öskju af þorski

**BOLUNGARVÍK** Undirbúningur fyrir tónlistarhátíðina Þorskinn, sem fram fer í Bolungarvík í júní, er í fullum gangi. Líkt og í fyrra fara tónleikarnir fram í bakgarði Einarshúss.

Elmar Ernir Viðarsson, skipuleggjandi hátíðarinnar, segir stemninguna í fyrra hafa verið einstaka enda rjómablíða allan tímann.

Enn sem komið er hafa einvörðungu tónlistarmenn frá Ísafirði og Bolungarvík boðað komu sína. Elmar hvetur tónlistarfólk um allt land til þess að koma sér á framfæri á hátíðinni. Ókeypis er á hátíðina og segir Elmar upplagt fyrir unnendur íslenskrar tónlistar að gera sér ferð vestur.

Fiskverkunin Jakob Valgeir hefur ákveðið að gefa öllum þeim sem koma fram á hátíðinni öskju af þorski. Hátíðin fer fram 4. júní næstkomandi. - ktd

**VESTMANNAEYJAR**

### Fékk hlera í höfuðið

Löndunarmaður í Vestmannaeyjum fékk hlera í höfuðið í gærmorgun þegar hann var að afferma togarann Júpiter. Hann var fluttur á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja til aðhlynningar. Maðurinn þykir hafa sloppið ótrúlega vel frá slysinu.

**JAPAN**

### Afsögn utanríkisráðherra

Seiji Maehara, utanríkisráðherra Japan, sagði af sér um helgina eftir að upp komst að hann hafði tekið við fjárframlögum frá erlendum ríkisborgara. Lög í Japan banna viðtöku slíkra fjárframlaga. Afsögnin þykir áfall fyrir ríkisstjórnina.


25% AF ÖLLUM
JOHN FRIEDA VÖRUM



Reykjavíkur Apótek
Seljavegi 2 - Sími: 511 3340
www.reykjavikurapotek.is






IÐNÞING 2011

**Á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 10. mars verður fjallað um nýsköpun sem leið til endurreisnar í íslensku atvinnulífi.**

Dagskrá hefst kl. 13.00 og lýkur kl. 16.00.



**Helgi Magnússon**
Ávarp formanns Samtaka iðnaðarins



**Tatjana Latinovic**
Össur



**Katrín Júlíusdóttir**
Ávarp iðnaðarráðherra



**Jón Ágúst Þorsteinsson**
Marorka



**Andri Þór Guðmundsson**
Ölgerðin



**Orri Hauksson**
Samtök iðnaðarins



**Guðrún Högnadóttir**
Opni háskólinn – HR



Fundarstjóri er
**Aðalheiður Héðinsdóttir**
Kaffitár

**Skráning fer fram á www.si.is og í síma 591 0100.**
**Þingið er opið og aðgangur ókeypis.**

ÁR NÝSKÖPUNAR
SAMTÖK IÐNAÐARINS

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mútugreiðslur vonda útlenda stórveldisins:

## Upplýst umræða?

Þröstur Haraldsson, fyrrverandi starfsmaður Bændasamtakanna og ritstjóri Bændablaðsins, skrifaði grein hér í blaðið á laugardaginn um íslenzkan landbúnað og Evrópusambandið. Þar segir hann meðal annars um forystu Bændasamtakanna: „Menn hafa tekið allt að því trúarlega afstöðu gegn aðild að ESB og safnað síðan rökum gegn henni en bægt frá sér og bændum öllu því sem telja má jákvætt við aðild eða sem unnið gæti gegn neikvæðum afleiðingum aðildar á íslenskan landbúnað.“

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Ræðuhöld við setningu Búnaðarþings í gær bentu sterklega til að greining Þrastar væri hárrétt. Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, vék að því að Bændasamtökin hefðu látið gera einstæða og vandaða úttekt á löggjöf ESB á sviði landbúnaðarmála og stöðunni á Evrópska efnahagssvæðinu, sem ætti að „nýtast sem grunnur að upplýstri umræðu og kynningu meðal félagsmanna Bændasamtakanna“. Hann kvað engu að síður upp úr um einarða andstöðu bænda við aðild að ESB og kynnti skoðanakönnun, þar sem 92% bænda sögðust á móti aðild að Evrópusambandinu – og þurftu ekki einu sinni að lesa vönduðu úttektina til að mynda sér upplýsta skoðun.

Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra var við sama heygarðshorn og sagði að standa yrði fast gegn „fémútum Evrópusambandsins á þessum viðsjárverðu tímum“ og „verjast öllum tilhneigingum hins erlenda stórveldis til að taka hér stjórnartauma af réttkjörnum og lýðræðislegum stjórnvöldum landsins“. Ráðherrann er sömuleiðis á þeirri skoðun að „fái ESB og talsmenn þess meðal Íslendinga að ráða ferðinni verður Ísland að miklu leyti orðið aðili að ESB með margháttuðum aðlögunum íslenskra samfélagshátta áður en þjóðinni stendur til boða að ganga til kosninga um málið“.

Þetta er kostulegur málflutningur. Ráðherrann reynir að mála upp mynd af Evrópusambandinu sem „erlendu stórveldi“ sem ásælist yfirráð á Íslandi, í stað þess að tala um sambandið sem samtök ríkja sem þar taka höndum saman af fúsum og frjálsum vilja. Ráðherrann lætur eins og styrkirnir, sem standa nú Íslandi til boða til að laga stjórnsýsluna að því sem gerist í Evrópusambandinu, muni valda einhverri byltingu í samfélagsháttum. Staðreyndin er sú að þar er um hreina smámuni að ræða miðað við þær samfélagsbreytingar sem orðið hafa á Íslandi undanfarin sextán ár með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu. Þar hefur stórtæk aðlögun að löggjöf og háttum ESB átt sér stað – og að flestu leyti gefizt ágætlega, þótt Íslendingar hafi lítil áhrif haft á þróunina.

Styrkir frá Evrópusambandinu eru hreint ekki nýir af nálinni. Ýmis rannsókna- og þróunarverkefni tengd íslenzkum landbúnaði hafa notið ríkulegra styrkja ESB eftir að EES-samningurinn tók gildi. Sem dæmi má nefna að við Háskólann að Hólum hafa yfir 20 rannsóknarverkefni hlotið ESB-styrki á undanförnum árum. Mörg þeirra hófust þegar Jón Bjarnason var þar skólastjóri. „Múturnar“ frá ESB breyttu að minnsta kosti ekki afstöðu hans til sambandsins!

Ef menn vilja taka upplýstar ákvarðanir er gott að þeir kynni sér ýmsar hliðar mála, kosti og galla. Fátt bendir til að slík umræða fari fram á Búnaðarþingi hvað Evrópumálin varðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

ESB, tækifæri eða ógn fyrir kvennabaráttuna

**Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólon þriðjudaginn 8. mars kl. 12–13.**

**Frummælendur**

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingkona Samfylkingarinnar

Snærós Sindradóttir, námsmaður og formaður Ungra vinstri grænna





Já! Ísland

**Allir velkomnir** **xs.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Leyndin sem aldrei var

Á laugardag bárust fregnir af því að forseti Alþingis lægi á gagnmerkri skýrslu stjórnlaganefndar eins og ormur á gulli. Skýrslan skyldi ekki opinberuð vegna þess að hún hefði verið ætluð stjórnlagaþingmönnum sem ekki væru til. Allt varð vitlaust. Síðan kom reyndar í ljós að fréttin var tóm tjara. Skýrslan var alls ekkert tilbúin og þess vegna engu leynt – að sinni að minnsta kosti. En sumir eru enn brjálaðir.



### Doðrantur sjómenninga

Auðvitað hlýtur að mega gera ráð fyrir því að þessi skýrsla verði gerð opinber. Annað væri óskiljanlegt, enda tæpast mikið í henni sem ekki þolir dagsljósið. Skýrslan ku vera mikill doðrantur – á fimmta hundrað blaðsíður – og í henni fara stjórnlaganefndarmennirnir sjö, með Guðrúnu Pétursdóttur í broddi fylkingar, vítt og breitt í vangaveltum sínum um það hvernig fara skuli að við endurskoðun stjórnarskrárinnar.



### Þjóðin

Þær vangaveltur byggja svo vitaskuld á niðurstöðum Þjóðfundarins frá í haust, þar sem þúsund fulltrúar almennings véluðu um hvað skyldi haft að leiðarljósi í störfum stjórnlagaþings – sem líklega mun heita stjórnlagaráð. Þessir fulltrúar almennings hljóta að eiga heimtingu á að fá að vita hvernig sjömenningarnir útvöldu hanteruðu tillögur þeirra.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Ómálga líf

Pistill

Valgarður Egilsson
læknir



Það eru nokkur lögmál í lifandi náttúru sem hafa yfir sér einhverja frumfegurð.

a) Lífið er undarlegra en dauðinn. Fyrir ævalöngu var óreiða af hljóðum og tónum í loftinu – allt líflaus óreiða og hafði ekki merkingu. Svo á einhverju stigi kom einhver Beethoven og raðaði upp þessum tónum (sem aðskildir höfðu enga merkingu haft), raðaði þeim upp saman – svo haganlega, að til varð ómæld fegurð, níunda sinfónía Beethovens.

Og: einu sinni voru líka milljón-trilljón atóm og mólekúl … ein líflaus óreiða í heiminum – líflaus með öllu. Einhvern veginn hafa sameindirnar raðast upp saman … og svo nett, að til er orðin lifandi vera – úr þessum trilljón sameindum (sem hver um sig, aðskildar, voru lífvana).

Frá lífvana efni verður til lifandi maður, hugur – vitund, tilfinningar, hugsun.

Lífið er undarlegra en dauðinn.

b) Fóstrið endurtekur (á fyrstu þroskaskeiðum sínum) sögu dýranna – dýrin virðast eiga sama upphaf. Framan af fylgir mannsfóstrið svipaðri leið og fóstur annarra spendýra, oft í smáatriðum sameinda. Síðar fer það að víkja smávegis útaf alfaraveginum – þeirri leið sem flest

> Frá lífvana efni verður til lifandi maður.

fóstur fara – og við fæðingu er hægt að greina mun á barni órangútans og manns – samt er munurinn furðulítill. Lítið eitt af erfðaefninu hefur þó tekið breytingum. Einhverjir stúfar hafa tapast, annars staðar eitthvað bæst við.

Hversu mikið er eftir af dýrinu í okkur? spyr einhver. Svar: Næstum allt.

c) Fegurðina á enginn. Það er aðeins hægt að verða vitni að henni.

d) Ætt þín er rakin aftur – í ljós og mold.

e) Ómálga börn hugsa í myndum, það gera ómálga dýrin líka (staðhæfing höf.).

Skynsemi ómálga barna er mikil – en hún er án tungumáls – sbr. allt það sem kjúklingurinn kann – strax og hann er skriðinn úr egginu, fer hann að tína fræ og velur þau bestu af kostgæfni; hann kann það, og hugsar sinn gang. Hann kann margt fleira. Og það án þess að kunna neitt tungumál. Ályktun: Það þarf ekki allaf tungumál til að hugsa með.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Siðferðisvandi stjórnsýslunnar

Stjórnsýsla
Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður



Að hafa hlutverk og bera ábyrgð hefur hingað til þótt vegsemd. En vandi fylgir vegsemd hverri, og í okkar litla samfélagi höfum við full mörg dæmi um að þeir sem hlotið hafa vegsemdina hafa ekki vandað sig nóg til að valda henni. Óvandvirkni er siðferðisskortur af sömu rót og agaleysi og ótrúmennska. Afleiðingin birtist í því að menn axla ekki þá hlutverkabundnu ábyrgð sem starfi þeirra fylgir, þ.e. að sjá til þess að ákveðnir hlutir gerist eða gerist ekki í krafti þess að þeir gegna tiltekinni stöðu og hafa umsjón með tilteknu starfssviði.

Í opinberri stjórnsýslu skiptir miklu að siðferði og starfshættir séu svo vel samofnir að ekki verði sundur skilið. Á ráðuneytum og opinberum stofnunum velta fjárreiður hins opinbera. Þaðan streyma milljarðar af almannafé til ýmissa verkefna úti í samfélaginu. Þeir sem trúað er fyrir ráðstöfun almannafjár bera á því samfélagslega ábyrgð að fjármunir nýtist sem best. Það á ekki aðeins við um stjórnmálamenn heldur alla opinbera starfsmenn.

Hvernig er íslensk stjórnsýsla að standast þetta próf? Nokkrar nýlegar úttektir Ríkisendurskoðunar tala einu máli: Skortur á eftirliti, slæleg umsýsla og pólitískt ábyrðarleysi hefur einkennt meðferð opinberra fjármuna um langt árabil. Virðist einu gilda hvort litið er til nýsköpunar í atvinnulífi, búvörusamninga eða menntakerfisins.

Nýlega kom til umræðu í þinginu skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd þjónustusamnings menntamálaráðuneytisins við Menntaskólann Hraðbraut. Sú skýrsla er þungur áfellisdómur. Hún sýnir eftirlitslausan fjáraustur til skólans á árunum 2004-2007 þegar hundruð milljóna króna streymdu til skólans á grundvelli áætlana en ekki raunverulegra upplýsinga um nemendafjölda. Þá hefur Ríkisendurskoðun gagnrýnt ógagnsæi og ómarkvissa meðferð fjármuna í háskólastarfi og bent á mikilvægi þess að fjármögnunarkerfi háskólanna stuðli að því að stefna stjórnvalda nái fram að ganga og skattfé nýtist á hagkvæman og árangursríkan hátt. Má af skýrslunni skilja að núverandi fjármögnunarkerfi háskólanna skapi óeðlilegan aðstöðumun milli þeirra og hamli samstarfi þeirra í kennslu og rannsóknum.

Það er alveg ljóst að ráðherrar geta ekki beitt handafli gegn ákvörðunum sem teknar eru af stjórnendum háskóla.

En ónákvæmni og fjáraustur er ekki eini vandi stjórnsýslunnar. Úttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi stofnana sem styðja við atvinnu- og byggðaþróun í landinu leiðir einnig í ljós ógagnsæi og óljósa verkaskiptingu. Á þessu ári verður 1100 milljónum króna varið til þessa málaflokks af fjárlögum ríkisins. Fram kemur í úttektinni að skipulagi og eftirliti með þessum málaflokki sé verulega ábótavant og kerfið bæði flókið og ógagnsætt; samvinna aðila sem styðja við atvinnu- og byggðaþróun sé ekki næg og verkaskipting á milli þeirra sé óljós. Stuðningskerfið fær þann dóm að vera flókið. Ófullnægjandi skráning fjárhagsupplýsinga torveldi skýra heildarsýn yfir ráðstöfun fjármuna. Ríkisendurskoðun leggur til að úr þessu verði bætt og telur að í kjölfarið verði að greina kostnað og ávinning af stuðningi við atvinnu- og byggðaþróun til að hægt sé að meta hvort fjármagn sem veitt er til málaflokksins hafi verið nýtt með hagkvæmum og árangursríkum hætti. Annað dæmi um vanhöld á eftirliti birtist okkur í nýlegri úttekt Ríkisendurskoðunar á framkvæmd búvörusamninga 2001-2007. Þar kemur fram að eftirlit er slælegt, ónákvæmni í bókhaldi, háar upphæðir hafa verið rangfærðar milli liða og ára (150 m.kr) og greiðslur inntar af hendi fyrir umsýslu án þess að tilhlýðilegir þjónustusamningar liggi þar að baki. Telur Ríkisendurskoðun brýnt að ráðuneytið sinni betur eftirlitsskyldu sinni, gagnsæi útreikninga verði aukið og þjónustusamningar gerðir vegna umsýsluþóknana. Eldri úttektir Ríkisendurskoðunar sýna ennfremur að framkvæmd búvörusamninga hefur lengi verið ábótavant. Á árabilinu 1988-1991 kostuðu slík vanhöld ríkissjóð 4,5 milljarða króna í viðbótarkostnað vegna greiðslna umfram áætlaðar forsendur við framleiðslustjórnun landbúnaðarvara.

Þau dæmi sem hér hafa verið tilfærð eiga sér öll upphaf og rót í pólitísku vilja valdhafanna, sum geta jafnvel kallast gæluverkefni. Það er umhugsunarefni hver áhrif það hefur á framkvæmd og eftirlit með verkefnum þegar starfsmenn ráðuneyta og vörslumenn opinberra fjár vita af pólitískum vilja á bak við tjöldin.

Því fylgir ábyrgð að hafa hlutverk. Pólitísk markmið verða lítils virði ef ekki fylgja efndir, en efndirnar velta í heilindum og getu stjórnkerfisins til þess að fylgja málum eftir. Og hvað eru heilindi í stjórnun? Það er hinn samþætti strengur siðferðis og starfshátta sem þarf að vera svo þétt ofinn að ekki verði sundur skilið.

Guðmundur Andri Thorsson, fastur pistlahöfundur í Fréttablaðinu á mánudögum, er í leyfi frá skrifum þessa vikuna.

DEILISKIPULAG Í TÚNUM
FUNDUR MEÐ ÍBÚUM

Skipulagsnefnd Garðabæjar boðar hér með til fundar með íbúum í Túnum. Á fundinum verður vinna við gerð deiliskipulags núverandi byggðar í Túnum kynnt og fundarmönnum gefinn kostur á að tjá sig um skipulagsmál svæðisins. Í samræmi við skipulagslög verða forsendur deiliskipulagsvinnunnar kynntar og hvaða áherslur skipulagsnefnd vill leggja til grundvallar.

Fundurinn verður haldinn í Sjálandsskóla fimmtudaginn 10.mars nk. milli klukkan 17.30 og 19.00.

Við hvetjum íbúa til þess að mæta á fundinn og taka þátt í mótun tillögunnar.

f.h. skipulagsnefndar Garðabæjar

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi.
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir.is

„Ég held að maður verði bara að byrja einhvers staðar, byrja á þúsundkallinum."

Reglubundinn sparnaður er ein besta leiðin til að spara. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. Byrjaðu að spara strax í dag.

Komdu við í næsta útibú, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.



# KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr

40% afsláttur

**399** kr. kg

Verð áður ~~679~~ kr.

Nýtt ódýrt kjötfars

34% afsláttur

**499** kr. kg

Verð áður ~~759~~ kr.

Saltað kjötfars

**989** kr. kg

Saltað kjötfars

# SKEMMTILEGUR BOLLUDAGUR!

**937** kr. kg

Forsteiktar fiskibollur, 1 kg

**769** kr. kg

Léttsaltaðir þorskbitar

**712** kr. pk.

1944 Saltkjöt með uppstúf

6 stk. í pk.

**399** kr. pk.

Myllu bollur m/súkkulaði, 6 stk. í pk.

2 stk. í pk.

**319** kr. pk.

ÍM rjómabollur, 2 stk. í pk.

AÐEINS 29 kr. stk.

**348** kr. pk.

Krónu vatnsdeigsbollur, 12 stk.

GJAFAKORT KRÓNAN

## Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is


Saltkjöt og baunir
SPRENGIDAGUR!
Ódýrt!
1. flokkur
25% afsláttur
20% afsláttur
398 kr. kg
Krónu saltkjöt
899 kr. kg
Verð áður 1198 kr.
Krónu saltkjöt, 1. flokkur
987 kr. kg
Verð áður 1234 kr.
Goða blandað saltkjöt
298 kr. kg
Goða saltaðir síðubitar
99 kr. pk.
Landsbymøllen gular baunir, 500 g
1598 kr. kg
Krónu beikon
SALTKJÖT OG BAUNIR
TÚKALL!
50% afsláttur
108 kr. kg
Kartöflur í lausu
225 kr. pk.
Verð áður 449 kr.
Baby gulrætur
180 kr. kg
Íslenskar rófur
KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



63 **AÐALSTEINN INGÓLFSSON LISTFRÆÐINGUR** er 63 ára.

*„Ástin er hús án þaks án glugga án veggja.“*

## Merkisatburðir 7. mars

**1902** Sögufélagið, félag áhugamanna um sagnfræði, er stofnað til að gefa út heimildarrit um sögu Íslands.

**1922** Ríkisstjórn Sigurðar Eggerz tekur við völdum. Hún situr í rúm tvö ár.

**1930** Útvegsbanki Íslands er formlega stofnaður.

**1944** Þrjú erlend skip stranda milli Veiðióss og Nýjaóss í Vestur-Skaftafellssýslu. Fjórir menn farast en 39 komast til byggða.

**1975** Flutningaskipið Hvassafell strandar við Flatey á Skjálfanda í hvassviðri og snjókomu. Mannbjörg verður.

**1986** Landslið Íslands í handknattleik nær sjötta sæti á heimsmeistaramótinu í Sviss og tryggir sér sæti á Ólympíuleikunum 1988.

**ÞETTA GERÐIST** 7. MARS 1999

## *Stanley Kubrick deyr*



Bandaríski kvikmyndagerðarmaðurinn og leikstjórinn Stanley Kubrick lést hinn 7. mars 1999. Kubrick var búsettur í Englandi og hafði nýlokið við gerð síðustu kvikmyndar sinnar, Eyes Wide Shut. Hann var einn merkasti kvikmyndagerðarmaður tuttugustu aldarinnar og eftir hann liggja myndir eins og Lolita, Clockwork Orange, Dr. Strangelove, A Space Odyssey, The Shining og Full Metal Jacket.

Kubrick vakti athygli fyrir að velja viðfangsefni sín af kostgæfni, gefa sér nægan tíma við vinnslu myndanna, velja sér ólík viðfangsefni, vera fullkomnunarsinni varðandi tæknileg atriði og harðneita að ræða verk sín og einkalíf við fjölmiðla. Hann vann oftast sjálfstætt og stjórnaði öllu sem viðkom gerð myndanna, en lét sig þó í undantekningartilfellum hafa það að gera myndir með fjárhagslegum stuðningi stóru kvikmyndaveranna.

Fimm mynda hans voru tilnefndar til Óskarsverðlauna í ýmsum flokkum og Dr. Strangelove, A Clockwork Orange og Barry Lyndon voru allar tilnefndar sem besta myndin. **Heimild: wikipedia.org**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Páll Þorleifsson**

fyrrv. húsvörður í Flensborgarskólanum,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 28. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 7. mars kl. 15.00.

**Kristín Ína Pálsdóttir** **Magnús R. Aadnegard**
**Þóra Gréta Pálsdóttir** **Magnús J. Sigbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar*

**Helgi Sævar Guðmundsson**

til heimilis á Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést miðvikudaginn 23. febrúar á gjörgæsludeild Landspítalans v/Hringbraut. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á Hrafnistu deild 4-B fyrir góða umönnun og hlýhug og einnig starfsfólki á gjörgæsludeild Landspítalans v/ Hringbraut.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Elfar Helgason**
**Helga Helgadóttir**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Alda Jónsdóttir**

Skógarbæ, áður til heimilis að Hraunbæ 88 Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 8. mars 2011 kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS – samtök aðstandenda Alzheimerssjúklinga. Við viljum þakka starfsfólki Fríðuhúss og Skógarbæ fyrir alúðlega og hlýja umönnun.

**Guð blessi ykkur.**

**Marteinn Jensen** **Petrica Ardalic**
**Steinar Á. Jensen** **Hólmfríður Geirsdóttir**
**Unnur Inga Jensen** **Alfred George Wilmot**
**Valgerður H. Jensen** **Hákon V. Uzureau**
**barnabörn og barnabarnabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

30 ÁR FRÁ FYRSTU SÖNGVAKEPPNINNI: PÁLMI SÖNG AF LITLUM NEISTA

# Minnisvarði um fyrstu kynni

„Ég man að þetta var mikið tilstand, stór hljómsveit og mikið lagt í þessa keppni,“ segir Pálmi Gunnarsson söngvari, sem söng sigurlagið Af litlum neista í fyrstu Söngvakeppni Sjónvarpsins 7. mars 1981. Lag og texti eru eftir Guðmund Ingólfsson en Pálmi segist því miður ekki vita nein deili á höfundinum.

Þessi fyrsta söngvakeppni hafði ekkert með Eurovision að gera heldur var einkaframtak Sjónvarpsins, en Pálmi var reyndar einn af þeim þremur sem kepptu í Eurovision fyrir Íslands hönd í fyrsta sinn árið 1986 með Gleðibankann. „Já, já, og ég var líka fyrsti söngvarinn sem söng í beinni útsendingu úr sjónvarpssal,“ segir Pálmi glaðhlakkalega. „Það var síðasta vetrardag, ég man ekki alveg hvaða ár, en ég man að það hvarflaði að mér að nú væri ég í beinni og gæti ég tekið stóra svingið og látið eins og fífl. En svo gerði ég það náttúrlega ekkert.“

Aftur að Af litlum neista, hefur þetta lag fylgt þér? „Nei, ég hef aldrei flutt það síðan. En ég hef hins vegar fengið nokkra tölvupósta frá pörum sem bókstaflega þakka mér og þessu lagi að þau hafi náð saman. Þetta lag virðist vera mörgum pörum minnisvarði um það þegar þau hittust í fyrsta skipti. Ég hef meira að segja verið beðinn að syngja það við brúðkaup, en ég hef nú látið það eiga sig.“

Pálmi söng fleiri lög í þessari fyrstu keppni og röðuðu þau sér í efstu sætin. „Ég man nú ekki nákvæmlega hvaða lög þetta voru en ég þarf ekkert að ýta fast á minningatakkann til að muna að þetta var mikið fjör og hellingsstilstand í kringum þessa útsendingu og mjög gaman að vera með,“ segir hann.

Pálmi hefur enn nóg að gera í söngnum og bassaleiknum með Mannakornum og er ekkert á þeim buxunum að slaka á, segist vona að til þess komi aldrei. „Fyrsti hljóðversdiskurinn okkar í töluverðan tíma kom út í hittiðfyrra og gekk alveg rosalega vel. Við vorum með ferna tónleika í Háskólabíói á síðasta ári og verðum með nokkra svoleiðis í ár og svo erum við að byrja að taka upp næsta disk sem á að koma út fyrir næstu jól, þannig að það er allt á fullu og mikið gaman hjá okkur,“ segir Pálmi Gunnarsson, sigurvegari í fyrstu Söngvakeppni Sjónvarpsins. **fridrikab@frettabladid.is**



**BRÚÐKAUPSLAG** „Ég hef fengið nokkra tölvupósta frá pörum sem bókstaflega þakka mér og þessu lagi að þau hafi náð saman,“ segir Pálmi Gunnarsson um lagið Af litlum neista. MYND/HEIÐA

# Hulda Hlín sýnir í Iðuhúsinu

Huldir Heimar er yfirskrift málverkasýningar Huldu Hlínar Magnúsdóttur sem nú stendur yfir í Listasal Iðuhússins. Efniviður verkanna á sýningunni er sóttur í íslenska náttúru en einnig eru til sýnis portettmyndir. Verkin einkennast af sterkum litasamsetningum, gjarnan andstæðum litum, hreyfingu og ólgu sem oft endurspegla tilfinningar – hið innra flæði.

Hulda stundaði nám í öllum helstu listaborgum Ítalíu: Feneyjum, Flórens og Róm og er útskrifuð í málaralist frá Accademia di Belle Arti í Róm. Hún hefur einnig lokið mastersprófi í listfræði frá Bologna háskóla.

Litir og litafræði eru Huldu Hlín hugleikin. Í mastersritgerð hennar Litir í verkum Matisse rannsakar hún liti út frá merkingarfræði hins sjónræna. Hulda Hlín hefur haldið einkasýningar í Turninum Kópavogi 2010, á Menningarnótt 2010 og Listasal Iðuhússins 2011 og hún tók einnig þátt í samsýningum í Róm 2004.

Auk þess vann hún að leikmyndahönnun fyrir Brúðuleikhús í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð Reykjavíkur 1996.

Sýningin í Iðuhúsinu stendur til 21. mars. **- fsb**



**HULDIR HEIMAR** Hulda Hlín Magnúsdóttir sækir efnivið í íslenska náttúru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Nytjamarkaði** er víða að finna á höfuðborgarsvæðinu en þar má oft gera kostakaup og styrkja um leið gott málefni. Undir neytendahorninu á vefsíðunni allir.is er að finna lista yfir helstu nytjamarkaði.



# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447


# Gólfhitakerfi
## Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

## Myndlistavörur í miklu úrvali



LISTALAGERINN JÁRN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900 - www.jarngler.is

512 50 50 Auglýsingasími

Allt sem þú þarft...


Keyptu gamlar prentvélar og stofnuðu Reykjavík Letterpress.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Meira í hlutina lagt

Við höfðum lengi heillast af öllu sem snýr að letterpress eða leturprentun, og þeirri óvenjulegu áferð sem sú aðferð gefur," útskýrir Ólöf Birna Garðarsdóttir en hún stofnaði hönnunarstofuna Reykjavík Letterpress ásamt Hildi Sigurðardóttur nú í haust. Þær stöllur eru báðar grafískir hönnuðir og eftir að hafa unnið á auglýsingastofu um árabil langaði þær að breyta til, keyptu gamlar prentvélar og blésu lífi í þykkt letur.

;HEIMILI | 2


# Fermingartilboð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Gerið GÆÐA- og verðsamanburð







10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

**SAGA**

| Stærð | Verð áður | Verð nú |
| --- | --- | --- |
| 120x200 | 131.880 kr. | 109.900 kr. |

**IQ-CARE**

| Stærð | Verð |
| --- | --- |
| 120x200 | 164.900 kr. |

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**Orkusparnaður** skiptir sköpum á heimilinu og hvað eldamennskuna varðar skiptir til að mynda máli að pottar séu jafn stórir hellunni. Tuttugu prósent orkunnar fara til spillis ef potturinn er tveimur sentimetrum minni en hellan og ósléttur botn á potti getur aukið rafmagnsnotkun um fjörutíu prósent. Ef lokið er ekki á pottinum þarf tvöfalt meiri orku en ella.





Það kom Ólöfu og Hildi á óvart hversu margir höfðu beðið eftir að geta fengið nafnspjöld og boðskort prentuð á gamla mátann.



Skemmtilegustu verkefnin eru boðskort í veislur þar sem nostrað er við smáatriðin segja Ólöf og Hildur.

Framhald af forsíðu

„Þessi aðferð hefur orðið útundan síðustu ár meðan áherslan hefur verið á offsetprentun og magn. Við þrykkið er notaður mýkri pappír og við það næst ákveðin dýpt sem gerir einstaklega gaman að handfjatla pappírinn. Ferlið er tímafrekara og meira handverk og þar af leiðandi örlítið dýrara en stafræn prentun. En það kom okkur á óvart hversu margir hafa þráð að fá boðskort og nafnspjöld unnin á þennan hátt,“ segir Ólöf. Reykjavík Letterpress býr yfir dágóðu safni af lausu letri sem hægt er að raða saman eins og gert var í upphafi prenttækninnar. Ólöf og Hildur búa þó einnig yfir nútíma tölvutækni og segja möguleikana nánast óþrjótandi.

„Það er hér um bil allt hægt að gera, munstur og teikningar og leturgerðirnar eru nánast ótakmarkaðar. Við hönnum alls konar verkefni sem fólk getur látið prenta annars staðar, við prentum hönnun frá öðrum og svo hönnum við og prentum okkar eigin vörulínu, tækifæriskort, merkimiða og fleira. Við verðum varar við að fólk vill að meira sé í hlutina lagt en í góðærinu þegar fólk hafði meira milli handanna. Þá gaf það sér ekki tíma í nostur,“ segir Ólöf og segir uppáhalds verkefni þeirra Hildar vera boðskort í veislur.

„Það er alltaf gaman að því þegar fólk ákveður að leggja meira í boðskort þegar það býður til veislu. Fólk getur valið nokkrar gerðir hjá okkur eða að við sérhönnum kortið. Langskemmtilegast er þegar fólk heldur þemanu í boðskortinu gegnum alla veisluna og nýtir grafíkina okkar á smáhluti sem það skreytir borðin með og slíkt,“ segir Ólöf og þær stöllur eru hæstánægðar með þá ákvörðun sína að breyta til. „Við erum eiginlega bara að gera skemmtileg verkefni, alveg eins og okkur dreymdi um.“

*heida@frettabladid.is*



Ólöf Birna Garðarsdóttir og Hildur Sigurðardóttir stofnuðu hönnunarstofuna Reykjavík Letterpress í haust. Hún býr yfir safni af lausu letri sem hægt er að raða saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Mýkri pappír er notaður við þrykkið sem gefur dýpt og fallega áferð.



Litla hluti í barnahergið má kaupa á internetinu. Þannig má finna netverslanir sem leggja til dæmis sérstaka áherslu á ákveðna liti eða stemningu.

Heimild: girliehurly.dk

HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið


GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...

Vinnustaða-
skóla- og skjalaskápar

á hagstæðu verði. Gerum tilboð í heildarlausnir fyrir t.d. skóla og íþróttahús

Skjala-hjólaskápar, þegar þú þarft að nýta plássið betur
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00


Hiti í bústaðinn
Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.
Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.
Rafhitarar fyrir heita potta

Rafhitun
íslensk framleiðsla í 20 ár
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

TECE
Ideal STANDARD
TRYGG GÆÐI VOTTAÐ GÆÐAEFNI
Upphengt salerni með innbyggðum kassa

Tilboð
45.000
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01
www.isleifur.is

FASTEIGNIR.IS
10. TBL. 7. MARS 2011
vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ





Óskum eftir sérhæð/sérbýli í Laugarneshverfi

fyrir ákveðinn kaupanda sem er búinn að selja.

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili
FASTEIGNASALA

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

**Traust fyrirtæki óskar eftir íbúðum til leigu.**

**Óskað er eftir 2ja til 3ja herb íbúðum með húsgögnum og tækjum. Leigutími frá 6 til 24 mánuði. Leigutaki tryggir þriggja mánaða bankaábyrgð**

**Nánari upplýsingar veita:**

Jón Rafn Valdimarsson
Lögg. fasteignasali S: 695-5520

Sigþór Bragason
Lögg. fasteignasali S: 899-9787


Húsinu fylgir fallegur bílskúr og garður.

# Einbýli með aukaíbúð

**Fasteignasalan Markaðstorg er með á skrá tveggja hæð einbýli ásamt aukaíbúð í Akraseli, Breiðholti.**

Við Akrasel 22 í Breiðholti stendur fallegt og vel skipulagt tveggja hæða einbýlishús til sölu, en bæði bílskúr og aukaíbúð fylgja.

Gengið er í forstofu og þaðan í miðjuhol. Borðstofa, stofa og eldhús eru á vinstri hönd, en á þá hægri svefnherbergi, baðherbergi og stigi niður á neðri hæðina. Stofa er rúmgóð og þaðan útgengt á yfirbyggðar svalir (sólstofu). Opið er á milli stórrar borðstofu og eldhúss. Tvö svefnherbergi eru á hæðinni, bæði rúmgóð en annað sýnu stærra. Baðherbergi er búið helstu nauðsynjum og bæði baðkari og sturtu. Á neðri hæðinni eru tvö herbergi, sjónvarpshol, þvottahús og snyrting með sturtu. Þess má geta að flísar eru í eldhúsi, holi og á baði. Allt annað í aðalíbúðinni er parkettlagt.

Aukaíbúð er á neðri hæðinni, tveggja herbergja með sérinngangi, forstofu, miðjugangi, eldhúsi, rúmgóðri stofu og flísalögðu baðherbergi með sturtu. Parkett er á öllum gólfum nema á baðherbergi og eldhúsi eru flísar.

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...

Fasteignasala Mosfellsbæjar

**Einar Páll Kjærnested**
**lögg. fasteignasali.**
**einar@fastmos.is**



**KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081**
**WWW.FASTMOS.IS**

## Brekkutangi 36 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 18:00**
Fallegt 228,1 m2 raðhús á 3 hæðum ásamt 26,0 m2 bílskúr við Brekkutanga í Mosfellsbæ. Flott eign með aukaíbúð í kjallara. Á jarðhæð er forstofa, gestasalerni, eldhús, hol, stofa og borðstofa. Á 2. hæðinni eru 4-5 svefnherbergi, þvottahús, hol og baðherbergi m/sturtu og baðakari. Í kjallara er stór forstofa, stofa, eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi. **V. 42,5 m.**

## Kvíslartunga - 90% fjármögnun



Stílhreint og flott parhús á tveimur hæðum á miklum útsýnisstað í Mosfellsbæ. 4-5 svefnherbergi, fleiri möguleg, stórar stofur og eldhús, góður bílskúr og mjög stórar svalir. Húsið er tilbúið til afhendingar, skilast fullbúið að utan og vel rúmlega fokhelt að innan.
**90% fjármögnun með yfirtöku á góðu lífeyrissjóðsláni með 4,3% vöxtum. Afborgun um 150 þús á mánuði. V. 39,9**

## Bjartahlíð - 3ja herbergja m/bílskúr



Fallleg 104,2 m2 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt 28 m2 bílskúr við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Eignin er laus til afhendingar strax!
**Áhvílandi er ca 26.100.000 kr. lán frá Arion banka.**
**V. 26,9 m.** 5161



**Kvíslartunga - Byggingarframkvæmd**
Glæsilegt 382,5 m2 einýlishús í byggingu á góðri útsýnislóð við Kvíslartungu 28 í Mosfellsbæ. Björgvin Snæbjörnsson, arkitekt teiknaði húsið. Búið er að steypa botnplötu neðri hæðar og búað að steypa ca. 100 m2 af veggjum.
**Framkvæmdin fæst á mjög hagstæðu verði, kr. 17.000.000 fyrir lóð, gatnagerðargjöld, púða, plötu og 100 m2 af veggjum** 5145



**Hjallahlíð - 4ra herbergja**
Falleg 4ra herb. íbúð á 2. hæð í litlu fjórbýli m/ sérinngangi við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi, geymslu, stofu og eldhús. Við hlið inngangs er köld útigeymsla. Vinsælt hverfi. Stutt í skóla, leikskóla, sund og World Class. **V. 22,5 m.** 5159



**Flókagata - 105 Reykjavík**
Portsmouth-Sheffield United 1-0
Hermann Hreiðarsson tryggði Portsmouth sjötta sigurinn í röð með eina marki leiksins á 24. mín.

Queens Park Rangers - Leicester 1-0
Heiðar Helguson lék allan leikinn og var nokkrum sinnum nálægt því að skora.

Reading - Middlesbrough 5-2
Brynjar Björn Gunnarsson lék allan leikinn.

Coventry-Bristol City 1-4
Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn.












# Alvöru afmælisgjöf til Kenny

## Dirk Kuyt skoraði þrennu og Luis Suarez átti stórleik þegar Liverpool vann sannfærandi 3-1 sigur á toppliði Manchester United á Anfield í gær.

**FÓTBOLTI** Kenny Dalglish, stjóri Liverpool, hélt upp á sextugsafmælið í vikunni og fékk ekki bara afmælissöng á Anfield í gær heldur hélt Liverpool-liðið upp á afmæli stjórans með því að vinna frábæran 3-1 sigur á toppliði Manchester United.

Dirk Kuyt skoraði öll þrjú mörk Liverpool í leiknum og öll komu þau eftir að Úrúgvæmaðurinn Luis Suarez hafði skapað mikinn usla í vörn United, sem saknaði Rio Ferdinand og Nemanja Vidic mikið. Kuyt, sem hafði aldrei skorað á móti United, skoraði þarna sína fyrstu þrennu í Liverpool-búningnum og varð enn fremur fyrsti Liverpool-maðurinn til þess að skora þrennu á móti United síðan Peter Beardsley afrekaði það árið 1990.

„Mér hefur aldrei liðið betur en núna eftir að vera búinn að skora þrennu á móti United. Ég verð samt að þakka Luis Suarez fyrir mig í dag því hann var frábær og bjó til tvö af þessum þremur mörkum,“ sagði Dirk Kuyt. Suarez átti frábæran leik og lagði upp fyrsta markið eftir að hafa farið framhjá hálfu Manchester-liðinu í vítateignum.

Dalglish hefur gjörbreytt Liverpool-liðinu síðan hann tók við af Roy Hodgson og liðið hefur nú unnið bæði Chelsea og United undir hans stjórn. „Þetta er búið að vera erfitt tímabil fyrir Liverpool og þetta er stærsta stundin hjá liðinu. Við erum samt hvergi nærri hættir. Það var gott að fá þrjú stig en það var ekki síður mikilvægt að spila svona vel,“ sagði Dalglish.



Þetta var ekki góð vika fyrir Manchester United, sem tapaði öðru sinni á fimm dögum. Í stað þess að ná góðu forskoti á toppnum eru lærisveinar Sir Alex Ferguson nú bara þremur stigum á undan Arsenal, sem á leik til góða. Sir Alex er í mikilli fýlu út í fjölmiðla og bannaði leikmönnum sínum að fara í viðtal eftir leikinn.

Jamie Carragher var heppinn að sleppa við rautt spjald undir lok fyrri hálfleiks þegar hann sparkaði Nani út úr leiknum. Carragher bað Portúgalann afsökunar eftir leik en stór skurður opnaðist á legg Nanis, sem grét undan meðferðinni frá Liverpool-manninum.

ooj@frettabladid.is

Meistaradeildin í handbolta:

# Ólafur og Aron markahæstir

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson og Aron Pálmarsson voru báðir markahæstir hjá sínum liðum í lokaumferðinni í riðlakeppni Meistaradeildarinnar um helgina. Ólafur skoraði 8 mörk í 27-32 tapi Rhein-Neckar Löwen á móti franska liðinu Chambery Savoie á útivelli.



Aron skoraði sjö mörk í 36-27 sigri Kiel á Kielce í Póllandi. Kiel og Löwen komust bæði í sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar eins og Kadetten Schaffhausen, lið Björgvins Páls Gústavssonar. **- óój**

## N1 DEILD KVENNA

**Stjarnan-HK 25-27 (16-13)**
**Markahæstar:** Elísabet Gunnarsd. 8, Sólveig Lára Kjærnested 4, Jóna Ragnarsd. 3 - Brynja Magnúsd. 14, Jóna Halldórsd. 3, Harpa Bald.3.

**FH-Valur 12-33 (6-20)**
**Markahæstar:** Sigrún Jóhannsd. 2, Sigrún Gilsd. 2, Berglind Björgvinsd. 2, Margrét Arond. 2, Ingibjörg Pálmad. 2 - Dagný Skúlad. 6, Hrafnhildur Skúlad. 5, Anett Köbli 5, Anna Ursula Guðmundsd. 4, Karólína Gunnarsd.3, Hildurgunnur Einarsd. 3, Ragnhildur Rósa Guðmundsd. 3, Rebekka Skúlad.2.

**ÍR-Grótta 18-19 (11-12)**
**Markahæstar:** Silja Ísberg 6, Ellla Kowaltz 4, Sif Jónsdóttir 3- Tinna Laxdal Gautadóttir 5, Hildur Marín Andrésdóttir 4, Helga Þórunn Óttarsdóttir 3, Steinunn Kristín Jóhannsdóttir 3.

**Fylkir-Haukar 22-21 (14-11)**
**Markahæstar:** Sunna María Einarsdóttir 6, Sunna Jónsdóttir 6 - Viktoría Valdimarsdóttir 4, Þórunn Friðriksdóttir 4, Sandra Sif Sigurjónsdóttir 4.

**ÍBV-Fram frestað - leikinn í kvöld**

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **16** | **15** | **0** | **1** | **571-295** | **30** |
| Fram | 15 | 14 | 0 | 1 | 523-295 | 28 |
| **Stjarnan** | **16** | **12** | **0** | **4** | **536-405** | **24** |
| Fylkir | 16 | 10 | 0 | 6 | 446-417 | 20 |
| **HK** | **16** | **8** | **1** | **7** | **430-441** | **17** |
| ÍBV | 15 | 8 | 1 | 6 | 379-409 | 17 |
| **FH** | **16** | **5** | **0** | **11** | **364-427** | **10** |
| Haukar | 16 | 3 | 1 | 12 | 355-478 | 7 |
| **Grótta** | **16** | **2** | **1** | **13** | **343-492** | **5** |
| ÍR | 16 | 0 | 0 | 16 | 262-550 | 0 |




# SÁ EINI SEM VAR EFTIR

**Snæfell tryggði sér deildarmeistaratitilinn með sigri á Hamri í Hólminum þar sem KR-ingar steinlágu á móti ÍR-ingum í Seljaskóla. Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, hefur nú unnið allt sem hægt er að vinna með Snæfelli.**

**KÖRFUBOLTI** Snæfell varð í gærkvöldi deildarmeistari í Iceland Express deild karla með að leggja Hamar að velli, 76-64. Á sama tíma voru KR-ingar teknir í bakaríið af nágrönnum sínum í ÍR, 124-95, og þar með var ljóst að deildarmeistaratitilinn færi í Stykkishólminn.

Snæfell er með 34 stig á toppi deildarinnar og er fjórum stigum á undan KR þegar ein umferð er óleikinn. Pálmi Sigurgeirsson fór fyrir liði Snæfells í gær og skoraði 16 stig en Devin Sweetney skoraði 24 stig fyrir gestina úr Hvergerði. Í Seljaskóla skoraði James Bartolotta 33 stig og Eiríkur Önundarson 24 stig fyrir ÍR. Marcus Walker skoraði 31 stig fyrir KR. Óvænt úrslit urðu á Ísafirði þegar botnlið KFÍ lagði Njarðvík að velli, 102-97, í spennandi leik.

Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, hefur nú náð þeim árangri að vinna alla þá titla sem í boði eru á Íslandi með liði Snæfells. Þetta er aðeins annað keppnistímabil Inga með Snæfell og því er árangurinn magnaður.

„Ég er mjög ánægður með þennan sigur en úrslitin hjá KR koma mér verulega á óvart. Þetta var síðasta púsluspilið hjá mér með Snæfelli og spurning hvort ég segi ekki bara af mér," sagði Ingi Þór kíminn eftir leikinn.

„Við vorum ekki búnir að gleyma því þegar KR fagnaði deildarmeistaratitlinum á heimavelli okkar í fyrra. Það er frábært að ná að landa þessum titli því hann gefur okkur heimaleikjarétt í úrslitakeppninni. Þetta er í raun viðurkenning fyrir frábæra frammistöðuna í vetur og nú tekur við ný áskorun."

Árangur Snæfells er eftirtektarverður enda missti liðið sterka leikmenn líkt og Hlyn Bæringsson og Sigurð Þorvaldsson fyrir tímabilið. Inga Þór og félögum hefur tekist að hrekja margar hrakfallaspár. „Fyrirliðarnir Jón Ólafur Ólafsson og Pálmi Sigurgeirsson hafa stigið upp í vetur og liðið hefur leikið sem ein heild. Við erum mjög stoltir af þessum árangri." - jjk





**ÓLAFUR MEIDDIST** Ólafur Guðmundsson lék ekkert síðustu fimm mínúturnar í gær eftir að hafa lent illa. Hér er hann fyrr í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FH vann í Safamýri og komst upp í annað sætið:

# Fjögur Framtöp í röð

**HANDBOLTI** FH er með pálmann í höndunum í baráttunni um annað sætið í N1-deild karla í handbolta eftir góðan sigur gegn Fram á útivelli í gær, 28-33. Staðan í hálfleik var 15-14 fyrir heimamenn í Fram en gestirnir úr Hafnarfirði náðu góðum kafla undir lok leiksins og knúðu fram sigur í sem færir þá upp í annað sætið með 21 stig, tveimur stigum á undan Fram.

Ásbjörn Friðriksson var markahæstur í liði FH með sjö mörk en hann lék vel í sókninni og skoraði mörg mörk á mikilvægum augnablikum. Hjá Fram var Arnar Birkir Hálfdánsson atkvæðamestur með sex mörk.

Kristján Arason, þjálfari FH, var kátur með sigurinn. „Þetta var frábær sigur en það var mikil vinna á bak við hann. Leikurinn var mjög jafn en það er kominn karakter í liðið sem ég fann ekki fyrir í liðinu í haust. Við erum farnir að horfa fram á veginn og það er mjög jákvætt," sagði Kristján. Stórskyttan Ólafur Guðmundsson varð fyrir meiðslum í leiknum en ekki er búist við að meiðsli hans séu alvarleg.

Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram, var vonsvikinn í leikslok enda er þetta fjórða tap Fram í röð. „Við náðum aldrei takti í varnarleiknum og sóknarleikurinn var stirður hjá okkur. Það er margt sem við þurfum að laga. Það eru vonbrigði fyrir okkur að tapa þessum mikilvæga leik og við erum í mótvindi um þessar mundir. Við þurfum að finna taktinn á ný og leika af sömu getu og við gerðum fyrr á leiktíðinni. Við vitum að við getum gert betur." - jjk

## ÚRSL

### Iceland Express deild karla

**Snæfell-Hamar 76-64 (36-39)**

**Stig Snæfells:** Pálmi Freyr Sigurgeirsson 16, Jón Ólafur Jónsson 13 (16 fráköst), Ryan Amaroso 12, Zeljko Bojovic 12, Sveinn Davíðsson 8, Sean Burton 6, Emil Þór Jóhannsson 5, Atli Rafn Hreinsson 4.

**Stig Hamars:** Devin Antonio Sweetney 24, Darri Hilmarsson 15, Ragnar Á. Nathanaelsson 8, Ellert Arnarson 6, Svavar Páll Pálsson 5, Lárus Jónsson 4, Stefán Halldórsson 2.

**ÍR-KR 124-96 (64-41)**

**Stig ÍR:** James Bartolotta 33, Eiríkur Önundarson 24, Kelly Biedler 22 (12 frák.), Nemanja Sovic 16, Hjalti Friðriksson 12, Níels Dungal 11, Sveinbjörn Claesson 4, Vilhjálmur Theodór Jónsson 2.

**Stig KR:** Marcus Walker 31, Brynjar Þór Björnsson15, Finnur Atli Magnússon 12, Hreggviður Magnússon 8, Ólafur Már Ægisson 6, Jón Orri Kristjánsson 6, Pavel Ermolinskij 5, Skarphéðinn Freyr Ingason 5, Ágúst Angantýsson 4, Martin Hermannsson 3, Páll Fannar Helgason 1.

**KFÍ-Njarðvík 102-97 (50-49)**

**Stigahæstir** Richard McNutt 21, Carl Josey 17, Nebojsa Knezevic 17, Craig Schoen 13, Pance Ilievski 12, Darco Milosevic 10 - Jóhann Árni Ólafsson 31, Giordan Watson 24, Melzie Jonathan Moore 23.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **21** | **17** | **4** | **2012-1850** | **34** |
| KR | 21 | 15 | 6 | 2042-1833 | 30 |
| **Grindavík** | **20** | **14** | **6** | **1687-1589** | **28** |
| Keflavík | 20 | 14 | 6 | 1915-1747 | 28 |
| **Stjarnan** | **20** | **11** | **9** | **1723-1727** | **22** |
| ÍR | 21 | 10 | 11 | 1929-1918 | 20 |
| **Njarðvík** | **21** | **9** | **12** | **1724-1788** | **18** |
| Haukar | 20 | 8 | 12 | 1685-1801 | 16 |
| **Tindastóll** | **20** | **7** | **13** | **1601-1686** | **14** |
| Fjölnir | 20 | 7 | 13 | 1758-1844 | 14 |
| **Hamar** | **21** | **6** | **15** | **1674-1785** | **12** |
| KFÍ | 21 | 5 | 16 | 1817-1999 | 10 |

### N1 deild karla

**Fram - FH 28-33 (15-14)**

**Mörk Fram:** Arnar Birkir Hákonarson 6 (8), Haraldur Þorvarðarson 4 (4), Aron Róbert Holster 4 (7), Andri Berg Haraldsson 4 (10), Magnús Stefánsson 3 (3), Jóhann Gunnar Einarsson 3 (7), Einar Rafn Jónsson 2/1 (4), Mattías Daðason 1 (1), Stefán Baldvin Stefánsson 1 (3)

**Varin skot:** Björn Viðar Björnsson 20 (52/2, 38,%), Guðni Örvarsson 0 (1/1, 0%)

Mörk FH: Ásbjörn Friðriksson 7/3 (14), Baldvin Þorsteinsson 6 (8), Ólafur Gústafsson 4 (6), Örn Ingi Bjarkason 4 (8), Ólafur Andrés Guðmundsson 4 (10), Benedik Reynir Kristinsson 3 (4), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (3), Halldór Guðjónsson 2 (3), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (1).

**Varin skot:** Daníel Frey Andrésson 16 (44/1, 36,4%)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akureyri** | **16** | **13** | **1** | **2** | **461-413** | **27** |
| FH | 16 | 10 | 1 | 5 | 463-423 | 21 |
| **Fram** | **16** | **9** | **1** | **6** | **508-468** | **19** |
| HK | 16 | 9 | 0 | 7 | 477-486 | 18 |
| **Haukar** | **16** | **7** | **3** | **6** | **417-410** | **17** |
| Valur | 16 | 6 | 0 | 10 | 413-446 | 12 |
| **Afturelding** | **16** | **4** | **0** | **12** | **406-443** | **8** |
| Selfoss | 16 | 2 | 2 | 12 | 449-505 | 6 |



**VALSMENN REYKJAVÍKURMEISTARAR** Guðjón Pétur Lýðsson tryggði Val 1-0 sigur á KR með stórglæsilegu marki beint úr aukaspyrnu í úrslitaleiknum í Egilshöllinni. Þetta var tuttugasti Reykjavíkurmeistaratitil Vals og sá fyrsti síðan 2005. Arnar Sveinn Geirsson sést hér með bikarinn í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





**ODDALEIKUR UM TITILINN** SA vann 2-1 sigur á SR í fjórða leik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn í íshokkí og tryggði sér oddaleik á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






Íslandsmótið í íshokkí í gær:

## SA vann aftur

**ÍSHOKKÍ** Skautafélag Akureyrar vann 2-1 sigur á Skautafélagi Reykjavíkur í Skautahöllinni í Laugardal í gær í einvíginu um Íslandsmeistaratitilinn í íshokkí.

SR komst í 2-0 í einvíginu en Akureyringar unnu þriðja leikinn 3-2 og tryggðu sér síðan oddaleik í gær. Andri Már Mikaelsson kom SA í 1-0 en Steinar Páll Veigarsson jafnaði.

Það var síðan Josh Gribben, spilandi þjálfari SA, sem tryggði sínum mönnum oddaleik á Akureyri á morgun. - óój



**TVÖFALT** Halldóra Ólafs og Guðmundur E. Stephensen. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íslandsmótið í borðtennis:

## Átján ár í röð

**BORÐTENNIS** Guðmundur Eggert Stephensen úr Víkingi tryggði sér í gær Íslandsmeistaratitilinn í einliðaleik í borðtennis 18. árið í röð þegar hann vann KR-inginn Kára Mímisson 4-0 í úrslitaleiknum.

Guðmundur hefur orðið Íslandsmeistari á hverju ári frá 1994 þegar hann vann sinn fyrsta titil, aðeins ellefu ára gamall.

Halldóra Ólafs varð Íslandsmeistari í einliðaleik kvenna eftir 4-1 sigur á yngri systur sinni, Magneu Ólafs.

Guðmundur og Halldóra unnu bæði tvöfalt, Guðmundur vann tvíliðaleik karla með Magnúsi K. Magnússyni og Halldóra vann tvíliðaleik kvenna með systur sinni, Magneu Ólafs. - óój







> **Michelle Williams**

„Möguleikar mínir eru endalausir - Broadway, sjónvarp, tónlist og kvikmyndir.“

***Michelle Williams leikur í rómantísku gamanmyndinni The Baxter sem fjallar um óvænta atburði í lífi ungs manns tveimur vikum fyrir brúðkaup hans en myndin er á Stöð 2 Bíó kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON SPÁIR Í LÉLEGT SJÓNVARPSEFNI

# *Fangi lélegs sjónvarpsefnis*

Það gerist stundum að ég festist alveg óvart yfir þeim undarlegu þáttum sem sýndir eru á sjónvarpsstöðinni MTV. Nú hefur það tvisvar komið fyrir með nokkuð stuttu millibili að ég hef setið sem fastast yfir svokölluðum „raunveruleikaþáttum“ þar sem þátttakendur keppa hver á móti öðrum til sigurs. Ég man því miður ekki hvað fyrri þátturinn hét, en þar kepptu tvær stúlkur um að heilla fjölskyldu kærasta síns upp úr skónum (já, pilturinn átti tvær kærustur og þær létu sig hafa það að keppa um ást hans). Stúlkan sem féll betur í kramið hjá fjölskyldunni fékk svo lykil að heimilinu og var þar af leiðandi orðin eins og einn fjölskyldumeðlimanna. Hinn þátturinn nefnist Scream Queens og þar keppast ungar stúlkur um svolítið hlutverk í kvikmyndinni Saw 3D.

Fyrri þátturinn hélt mér föstum tökum því ég trúði einfaldlega ekki að þetta gæti verið satt, engin stúlka væri svo vitlaus að fara að keppast um ástir stráks sem væri með tvær í takinu. Eða hvað? Meðal þess sem stúlkurnar áttu að keppa í var pönnukökubakstur, því það var uppáhaldsmatur piltsins og ekki nennti móðir hans að halda áfram að elda ofan í hann pönnukökur þegar hann væri fluttur að heiman. Datt engum í hug að kenna stráknum að elda ofan í sjálfan sig?

Síðari þátturinn var heillandi aðallega vegna þess að stúlkurnar (sem allar þráðu heitast að verða leikkonur) gátu fæstar leikið af sannfæringu. Þarna stóðu þær, á nærfötunum einum saman, og grétu og öskruðu af skelfingu í von um að hreppa ofurlítið hlutverk í hrollvekjunni Saw 3D.

Eftir áhorfið hugsaði ég með mér hvað það væri nú einkennilegt hvað lélegt sjónvarpsefni gæti haldið manni föngnum.



## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Eva María og Guðlaug Þorsteinsdóttir** (e)
**17.20 Landinn** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Mærin Mæja** (5:52)
**18.08 Franklín** (54:65)
**18.30 Sagan af Enyó** (10:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Uppruni lífsins** (1:2) Í þessari bresku heimildamynd, sem er í tveimur hlutum, veltir David Attenborough því fyrir sér hvernig fyrstu dýrin á jörðinni urðu til.
**21.00 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (5:12) Hvað getur ísaldarjarðfræðingur sagt okkur um lok síðasta jökulskeiðs - jafnvel nýtt jökulskeið? Áhrif kreppunnar á lýðheilsu á Íslandi og sparnaðarleiðir í orkunotkun heimila - um þessi þrjú efni er fjallað í fimmta þætti raðarinnar um nýsköpun og íslensk vísindi.
**21.30 Mumbai kallar** (4:7) Bresk gamanþáttaröð um Kenny, Indverja fæddan á Bretlandi, sem er sendur til Mumbai.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Íslenski boltinn** Í þættinum er sýnt frá leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
**23.00 Meistaradeild í hestaíþróttum**
**23.20 Þýski boltinn**
**00.20 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 What a Girl Wants**
**10.00 Red Riding Hood**
**12.00 Meet Dave**
**14.00 What a Girl Wants**
**16.00 Red Riding Hood**
**18.00 Meet Dave**
**20.00 The Baxter**
**22.00 The Comebacks**
**00.00 Illegal Tender**
**02.00 La Bamba**
**04.00 The Comebacks**
**06.00 Man About Town**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lie to Me** (16:22)
**11.00 Masterchef** (4:13)
**11.45 Falcon Crest** (17:28)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 America's Got Talent** (7:26)
**13.45 America's Got Talent** (8:26)
**14.30 America's Got Talent** (9:26)
**15.15 ET Weekend**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**16.43 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (15.21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (10:19)
**19.45 The Big Bang Theory** (1:17)
**20.10 Glee** (14:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
**20.55 Nikita** (1:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna „Division“ sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku.
**21.40 Saving Grace** Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni.
**22.25 The Bill Engvall Show** (1:8) Frábærir gamanþættir með Bill Engvall úr Blue Collar Comedy.
**22.50 Modern Family** (14:24)
**23.15 Chuck** (16:19)
**00.00 Burn Notice** (11:16)
**00.45 Brick**
**02.30 One Missed Call**
**03.55 Lie to Me** (16:22)
**04.40 Glee** (14:22)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Spænski boltinn: Racing - Real Madrid** Útsending frá leik Racing Santander og Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni.
**17.50 Þýski handboltinn: Grosswallstadt - Füchse Berlin** Útsending frá leik Grosswallstadt og Füchse Berlin í þýska handboltanum.
**19.15 Spænski boltinn: Racing - Real Madrid** Útsending frá leik Racing Santander og Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni.
**21.00 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**21.45 NBA körfuboltinn: Miami - Chicago** Útsending frá leik Miami Heat og Chicago Bulls í NBA deildinni.
**23.35 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Wolves - Tottenham**
**15.55 Bolton - Aston Villa** Útsending frá leik Bolton Wanderers og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**17.40 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**18.55 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.50 Blackpool - Chelsea** Bein útsending frá leik Blackpool og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**23.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.30 Blackpool - Chelsea**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (127:175)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 7th Heaven** (17:22)
**17.05 Game Tíví** (6:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**17.35 Dr. Phil** (128:175)
**18.20 Spjallið með Sölva** (3:16) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin. Honum er ekkert óviðkomandi og í þáttunum er hæfileg blanda af gríni og alvöru, allt í opinni dagskrá.
**19.00 Judging Amy** (15:22) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
**19.45 Will & Grace** (3:24) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.10 90210** (15:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
**20.55 Hawaii Five-O - NÝTT** (1:24) Ný þáttaröð sem byggist á samnefndnum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum.
**21.45 CSI** (8:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
**22.35 Jay Leno** (208:260)
**23.20 The Walking Dead** (4:6)
**00.00 Spjallið með Sölva** (3:16)
**00.10 Rabbit Fall** (3:6)
**00.40 Will & Grace** (3:24)
**00.40 Pepsi MAX tónlist**
**01.00 Hawaii Five-O** (1:24)
**01.45 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**07.45 The Honda Classic - Dagur 4** (4:4)
**17.05 PGA Tour - Highlights** (8:45)
**18.00 Golfing World** (36:240)
**18.50 The Honda Classic - Dagur 4** (4:4)
**23.05 Golfing World** (36:240)
**23.55 Champions Tour - Highlights** (3:25)
**00.00 Golfing World** (36:240)
**00.50 ESPN America**
**00.50 The Honda Classic - Dagur** (1:4)
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 ER** (18:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Mentalist** (15:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**22.35 Chase** (10:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnunum.
**23.20 Boardwalk Empire** (3:12) Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið en mörg glæpagengi spruttu fram og græðgin og hömluleysið var allsráðandi.
**00.15 Mad Men** (13:13)
**01.05 ER** (18:22)
**01.50 The Doctors**
**02.30 Chase** (10:18)
**03.15 Sjáðu**
**03.40 Fréttir Stöðvar 2**
**04.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Tveir gestir**
**18.45 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu**
**20.30 Lífið** Landnám íslenska hestsins í Ástralíu.
**21.00 Frumkvöðlar** Ársfundur Nýsköpunarmiðstöðvar var á fimmtudaginn.
**21.30 Eldhús meistarana** Magnús Ingi og Viðar Freyr í eldhúsinu á Madonnu.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




ÍVAR OG RÚNAR
ALLA VIRKA DAGA KL. 9 - 16

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**
**Nikita**

Ný og hörkuspennandi þáttaröð um unga stúlku sem hefur starfað fyrir leynilega deild innan CIA. Hún leggur á flótta eftir að kærasti hennar er myrtur en snýr aftur í hefndarhug.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.03** Bak við stjörnurnar **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Girni, grúsk og gloríur **23.07** Lostafulli listræninginn **23.45** Málstofan **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**09.50** Robin Hood **10.35** Robin Hood **11.20** EastEnders **11.50** Dalziel and Pascoe **12.40** Dalziel and Pascoe **13.30** Deal or No Deal **14.05** Deal or No Deal **14.40** Deal or No Deal **15.15** Keeping Up Appearances **15.50** Robin Hood **16.35** Robin Hood **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** My Family **20.00** Coupling **20.30** Mutual Friends **21.20** How Not to Live Your Life **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway?

## DR 1

**12.20** Blekingegadebanden **13.20** DR1 Dokumentaren **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Manden, der besteg skyskrabere **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Alfons Åberg **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamie Olivers eget køkken **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Jamies revolution **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hercule Poirot **22.30** OBS **22.35** Talismanen

## NRK 1

**12.05** Korrespondentene **12.35** Ein dag i Sverige **12.50** Glimt av Norge **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** The Norwegian Solution **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Kongehus i fare **16.00** NRK nyheter **16.10** Vår aktive hjerne **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Puls **19.25** Den nordiske smaken **19.55** Distriktsnyheter **20.40** Brødre **21.25** Sangskatter **22.00** Kveldsnytt **22.15** Mysterier med George Gently

## SVT 1

**13.35** Anslagstavlan **13.40** Flight of the Conchords **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** En idiot på resa **15.50** Vilma **15.55** Potatishandlaren **16.45** AB Svenska ords klassiker **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Klass 9A **19.30** Dom kallar oss artister **20.00** Gynekologen i Askim **21.00** Sexualkunskap **21.30** Hej litteraturen! **22.00** Kommissarie Zen **23.35** Big Love


# Bolludagstilboð aldarinnar?

**ATH. Tilboðið gildir aðeins í dag bolludag.**

# Fiskfars

# 499 Kr./kg.

**Ókeypis rúgbrauð frá HP Selfossi.**
Þeir sem kaupa 4 kg, fá nýbakað og gómsætt rúgbrauð frá HP Selfossi frítt með!

**Fiskhakk**
**699 kr.kg**
(ferskt, hakkað í dag)

**Við höfum talað við alla okkar birgja sem gera okkur kleift að bjóða þetta verð.**

**Við viljum þakka,**
**Íslensk Ameríska**
**Garri**
**Ásbyrgi Flóra**
**HP Rúgbrauð Selfossi**
**Toppfiskur**

**ásamt starfsfólki Fiskikóngsins, sem ætlar að gefa vinnu sína í dag.**

**4 kg fiskfars með stóru nýbökuðu rúgbrauði 1.996 kr. Þetta er bara djók, 4 kg fiskfars nægja til þess að metta 16 manns.**

**22 ára gömul uppskrift frá sjálfum Fiskikónginum.**
Engin mjólk né egg eru í uppskriftinni. Undanrennuduft og krydd. Best er að steikja bollurnar og frysta svo. Þegar fiskibollurnar eru eldaðar, þá er hægt að setja þær frostnar í ofninn. Þegar á að elda fiskibollurnar er besta að taka þær úr frysti og setja beint inní heitann ofn á 200 gráður, 20 mín, þær bragðast þá eins og nýsteiktar.

**Sjáumst eldhress.**

**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755**



## NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR

Hvernig væri að fljúga út í heim og skoða framandi staði og töfrandi heimsborgir?

Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

**Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísi, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.**

dohop

vísir.is
Meiri Vísir.

Frá
Reykjavík
Til
Brottför
08.08.11
Til Baka
15.08.11
Leita



## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Það er Shogun með Richard Chamberlain, sígilt barnaefni.“*

Grímur Þórðarson, kvikmyndagerðarmaður.

# Sjö manneskjur í fagráði Airwaves

„Ég er mjög ánægður með þetta. Hugmyndin er að reyna að bæta festivalið og gera það skemmtilegra,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves.

Fagráð Airwaves hefur verið stofnað og er það skipað sjö aðilum, flestum úr tónlistargeiranum. Um er að ræða tónlistarmanninn Benedikt Reynisson, Hildi Maral Hamíðsdóttur viðburðastjóra, Steinþór Helga Arnsteinsson hjá Senu, söngkonuna Hafdísi Huld, Magnús Trygvason Eliassen úr Amiinu, Egil Harðarson ritstjóra Rjómans.is og Sunnu Viðarsdóttur, tónlistaráhugamann og tónleikagest til margra ára.

„Þetta er algjörlega óformlegur vettvangur. Við erum að velta fyrir okkur ýmsu hvort sem það eru tónleikastaðir, hljómsveitir og upplifun. Við viljum leyfa fólki úr ýmsum áttum að tjá sig um það,“ segir Grímur. Ráðið hefur þegar fundað einu sinni og mun hittast einu sinni í mánuði þar til hátíðin hefst í haust. Fagráðið hefur ekki neitunarvald og ætlunin er að fólki verði skipt út með nokkuð reglulegu millibili.

Þátttaka Sunnu Viðarsdóttur í ráðinu vekur athygli, enda hefur hún ekki starfað áður í tónlistarbransanum. „Ég þekki hana ekki neitt. Hún hefur komið á ofboðslega mikið af viðburðum á tíu eða tuttugu ára tímabili. Við viljum reyna að hafa líka fólk sem kemur ekki úr neinni ákveðinni kreðsu,“ segir Grímur.

- fb



**SÁTTUR** Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves, er ánægður með hið nýja fagráð hátíðarinnar.








**HELDUR TÓNLEIKA** Friðrik Ómar Hjörleifsson heldur sína fyrstu tónleika í Stokkhólmi í lok mánaðarins. Jóhanna Guðrún mun koma fram ásamt honum auk tíu manna hljómsveitar.

**FRIÐRIK ÓMAR:** FYRSTU TÓNLEIKARNIR Í SVÍÞJÓÐ

# Eurovision-stjörnur með stórtónleika í Stokkhólmi

Tónlistarmaðurinn Friðrik Ómar Hjörleifsson heldur tónleika ásamt Jóhönnu Guðrúnu Jónsdóttur hinn 30. mars í Göta Lejon leikhúsinu í Stokkhólmi. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við sendiráð Íslands og ýmsa ferðaaðila í borginni.

Þetta verða fyrstu tónleikarnir sem Friðrik Ómar heldur sjálfur í Svíþjóð og mun hann meðal annars flytja frumsamið efni í bland við þekkta slagara. „Ég er mjög spenntur fyrir þessum tónleikum. Leikhúsið sjálft er yfir hundrað ára gamalt og rosalega fallegt. Það er verið að sýna Rómeó og Júlíu þarna núna og við komum fram í þeirri sviðsmynd þannig þetta verður eitthvað ævintýralegt. Ég verð Rómeó og Jóhanna Guðrún verður Júlía, eða öfugt,“ segir hann og skellir upp úr.

Salurinn tekur alls 1120 manns í sæti og viðurkennir Friðrik Ómar að það verði ærið verkefni að fylla þau öll. „Hér er mjög stórt Íslendingasamfélag og ég vonast auðvitað eftir því að sjá sem flesta Íslendinga á tónleikunum. En þetta er jafnframt kynning á mér og Jöhönnu Guðrúnu og því búumst við einnig við fólki úr tónlistargeiranum hér,“ segir hann. Karl Olgeirsson mun leiða tíu manna hljómsveit sem spilar undir með Friðriki Ómari og samanstendur hún bæði af íslenskum og sænskum tónlistarmönnum. „Það er svolítið púsl að skipuleggja svona tónleika. Maður hefur hangið mikið á Skype undanfarið til að koma þessu öllu saman,“ segir hann og hlær.

Aðspurður segist Friðrik Ómar kunna vel við sig í Stokkhólmi þótt hann segi tónlistarbransann vera harðari þar en heima. „Góðir hlutir gerast hægt. Ég hef í nægu að snúast og ef það eru dauðir tímar notfæri ég þá til að taka upp og undirbúa önnur verkefni,“ segir hann að lokum. Miðasala á tónleikana hefst í lok vikunnar og er hægt að nálgast miða í gegnum www.ticknet.se.

sara@frettabladid.is











# Yfirburðasigur Atrum

Dauðarokkshljómsveitin Atrum stóð uppi sem sigurvegari í hljómsveitakeppninni Wacken Metal Battle, sem fór fram á Sódómu á laugardagskvöld. Sigur Atrum var nokkuð öruggur og dómnefnd var sammála um að hljómsveitin hefði skarað fram úr. Atrum keppir því fyrir Íslands hönd á lokakeppninni sem fer fram á Wackenþungarokkshátíðinni í Þýskalandi í sumar, sem er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum.

Þorsteinn Kolbeinsson, sem skipulagði undankeppnina á Íslandi, segir hljómsveitina eiga von á erfiðri keppni í Þýskalandi, en 30 sigurhljómsveitir taka þátt í henni. „Ég held að það sé ekki gott að fara með of háar væntingar í keppnina,“ segir hann spurður út í möguleika Atrum í lokakeppninni. „Hljómsveitin þarf samt að sjálfsögðu að vera metnaðarfull, hún græðir ekkert á þessu nema að gera þetta almennilega.“

Þorsteinn bætir við að hljómsveitin Wistaria, sem sigraði í íslensku undankeppninni í fyrra, hafi staðið sig gríðarlega vel á sviðinu í Þýskalandi en þrátt fyrir það ekki átt upp á pallborðið hjá dómnefndinni. „En það er alveg raunhæfur möguleiki fyrir Atrum.“

- afb



**HRIKALEGIR** Hljómsveitin Atrum stóð sig gríðarlega vel á sviðinu á Sódómu á laugardagskvöld.

sumarferdir.is

# ☆ Fyrirgefðu ...

VIÐ BIÐJUMST VELVIRÐINGAR Á ÞVÍ AÐ GERA VALIÐ SVONA ERFITT Í ÁR!

TVEIR FRÁBÆRIR VALKOSTIR:

## Almería

**Apt. Arena Center** ☆☆☆☆

Íbúð með 1 svefnherbergi í viku frá 88.300 kr.*

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá **kr. 107.300** á mann fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 1. júlí í viku.

## Tenerife

**Parque de las Americas** ☆☆☆

Íbúð með 1 svefnherbergi í viku frá 110.200 kr.*

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá **kr. 126.200** á mann fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 7. júlí í viku.



SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Hálft fæði = Morgun-, og hádegismatur. Allt innifalið = Morgun-, hádegis- og kvöldmatur, snarl milli mála og innlendir drykkir.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

vísir


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ekki meira fyrir þig

Íslenski markaðsdagurinn var á föstudaginn og af því tilefni voru fyrirlestrar og umræður á HIlton hótel Nordica. Guðni Rafn Gunnarsson frá Capacent kynnti niðurstöður úr könnun meðal markaðsstjóra þar sem kemur meðal annars fram hvernig íslensk fyrirtæki ætli að verja fé sínu í kynningu næstu misseri. Þormóði Jónssyni hjá auglýsingastofunni Fíton var nokkuð heitt í hamsi þegar hann spurði pallborð forstjóra sem sátu fundinn hvort þeir ætluðu ekki örugglega að eyða meiri peningum í markaðsmál á næstunni. Þögn var í salnum þar til **Hermann Guðmundsson**, forstjóri N1, greip orðið á lofti, sagðist ekki þurfa að láta hann fá *meiri* peninga og uppskar hlátur viðstaddra.



### Fjórar stjörnur í Guardian

**Ólöf Arnalds** fær frábæra dóma, fjórar stjörnur, á vef breska blaðsins The Guardian, fyrir tónleika sem hún hélt í djassklúbbnum Vortex í London í síðustu viku. Blaðamaðurinn heldur vart vatni yfir tónlist Ólafar og segir staðinn hafa verið fullkominn fyrir hana. Hann efast jafnframt um að Ólöf eigi eftir að spila á jafn litlum stöðum og Vortex í framtíðinni. Þá er henni hrósað sérstaklega fyrir tökulög kvöldsins en þau komu meðal annars úr smiðju Hank Williams og Bruce Springsteen.



- afb, jma

## Mest lesið vísir.is

1. Fimm ára drengur lést af slysförum
2. Nítján ára stúlka ók utan í lögreglubíl og stakk af
3. Hugsanlega þarf að farga flugvélinni
4. Baðst afsökunar á kynlífssýningu í háskóla
5. Líkamsárás og bílaþjófnaður á N1


Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI

Rýmum fyrir nýjum vörum.

Sængurveradeild Rekkjunnar er stórglæsileg með yfir 50 tegundir af sængurverum á frábæru verði, við höfum upp á að bjóða öll flottustu efnin í sængurverum í dag til dæmis silki damask, bómullarsatín, tencel, bómull og svo má lengi telja. Sængurverin koma frá öllum heimshornum til að mynda Íslandi, Þýskalandi, Spáni og Bandaríkjunum.

Eigum einnig mikið úrval af fallegum rúmteppum og sérlega mjúkum og þægilegum værðarvoðum.



Sængurver

100% bómull. Áður 5.900 kr.
NÚ 3.540 kr.

Damask. Áður 14.900 kr.
NÚ 8.940 kr.

Bómullarsatín. Áður 12.900 kr.
NÚ 7.740 kr.

Rúmteppi

Áður 24.900 kr.
NÚ 14.940 kr.



ÓTRÚLEG TILBOÐ Á ÞRÝSTIJÖFNUNARRÚMUM

AC Pacific

30% AFSLÁTTUR!

Queen Size (153x203 cm.)
Fullt verð 213.800 kr.
NÚ 149.660 kr.

King Size (193x203 cm.)
Fullt verð 285.361 kr.
NÚ 199.753 kr.

120x200 cm.
Fullt verð 174.770 kr.
NÚ 122.339 kr.

Þrýstijöfnunarefnið aðlagast alveg að líkamanum og fyllir upp í öll holrúm svo sem hnésbætur, mjóbak og háls einnig dreyfir hann þyngdinni á líkamanum svo enginn þrýstingur myndast á rass, mjöðm eða öxlum.

ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚM

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð





FERMINGAR TILBOÐ

Amelia

135x203 cm.
Fullt verð 146.700 kr.
NÚ 99.000 kr.

153x203 cm.
Fullt verð 149.700 kr.
NÚ 104.900 kr.

ARGH!!! 040311

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16